

**skoðun** 12

**Veitir viðeigandi úrræði**

*Þraut stuðlar að markvissri þjónustu fyrir fólk með vefjagigt og skylda sjúkdóma.*

**allt** 4



**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Útivist og veiði





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Þriðjudagur**
**14. september 2010**
215. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Ný andlit á skjánum**

*Edda Hermannsdóttir er nýr spyrill í Gettu betur.*

**fólk** 26

**Maðurinn með ljáinn**

*Jónas Sen sá Víking Heiðar fara hamförum á sinfóníutónleikum.*

**menning** 19



**Fram í fimmta sætið**

*Fram lagði Keflavík, 2-1, í Pepsi-deild karla í gær.*

**sport** 22

**veðrið í dag**




**STREKKINGUR EÐA ALLHVASST**
Í dag má búast við stífri N-átt og gæti slegið í storm, einkum í námunda við fjöll á N-verðu landinu. Norðan- og austantil mun rigna en allra syðst verður úrkomulítið.

**VEÐUR** 4

# Vilja samkeppni í sölu metans

**Eigi að fjölga bílum sem aka á vistvænu innlendu eldsneyti þarf að bæta þjónustuna, segir framkvæmdastjóri Metanorku. Hingað til hefur bara verið hægt að kaupa metangas hjá N1. Kveikt er í milljarða króna virði af eldsneyti á ári þar sem ekki er hægt að nýta það. Notkun metangass myndi spara gjaldeyri.**

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að samkeppni komist á í sölu á metangasi á bifreiðar. Hingað til hefur bara verið hægt að kaupa metangas á tveimur afgreiðslustöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu.

Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Metanorku ehf., sem er dótturfélag Íslenska gámafélagsins, segir að við nánari skoðun hafi komið í ljós að einkasölusamningur N1 á metangasi við Metan hf., framleiðanda gassins, hafi ekki náð nema til þess gass sem fari eftir leiðslu sem lögð hafi verið frá Álfsnesi og yfir í afgreiðslustöð N1 í Ártúnsbrekku.

Dofri segir einkennilegt að þeim sem ætlað hafi í samkeppni við N1 í sölu á metangasi hafi hingað til verið vísað til N1 um kaup á gasinu. „Við sóttum hins vegar um leyfi til að kaupa á kostnaðarverði gas í heildsölu beint úr framleiðslustöðinni á Álfsnesi,“ segir Dofri og kveður alveg ljóst að eigi að nást markmið um að fjölga bílum sem aki á vistvænu innlendu eldsneyti, eins og metani, þá þurfi að bæta þjónustu við þá. „Við ætlum þá að setja gasið á sérstaka gáma sem við flytjum á afgreiðslustöðvarnar.“

Dofri segist hafa fengið vilyrði fyrir því að opnað verði á að hver sem er geti fengið keypt gas hjá Metani þegar lokið hafi verið við að finna heildsöluverð á gasið. „Þá verður gefinn út verðlisti sem væntanlega ræðst af því magni sem menn vilja kaupa,“ segir hann og kveður jafnvel von á því að Metan ljúki því verki fyrir mánaðamót.

> Þá höfum við jafnframt óskað eftir samstarfi við Akureyrarbæ um vinnslu á metani úr sorphaugunum þar.
>
> **DOFRI HERMANNSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI METANORKU EHF.

Dofri segir mjög spennandi að sjá hvaða verð verður sett á gasið, en honum sýnist að hreinsikostnaður nemi um 25 krónum á hvern rúmmetra gass.

Metanorka hefur sótt um lóð fyrir fjölorkustöð bæði hjá Reykjavíkurborg og í Kópavogi, auk þess að vinna að uppsetningu slíkrar stöðvar á Reykjanesi í samstarfi við Orku- og tækniskóla Keilis. Þegar eru tvær afgreiðslustöðvar tilbúnar til uppsetningar.

„Þá höfum við jafnframt óskað eftir samstarfi við Akureyrarbæ um vinnslu á metani úr sorphaugunum þar með það fyrir augum að gefa Eyfirðingum líka kost á að keyra á metangasi,“ segir Dofri og kveður fráleitt að þjóð í efnahagsþrengingum skuli kveikja í metani sem ekki nýtist á bíla fyrir sem nemur milljörðum króna á ári hverju.

Oft hefur verið bent á að notkun metangass fylgi umhverfisávinningur auk þess sem sparast myndi gjaldeyrir sem annars færi í að kaupa eldsneyti frá útlöndum. **- óká**



**FÁGÆTUR FJÁRSJÓÐUR** Bókaútgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson, til vinstri, og Jón Rósant Þórarinsson með eftirprentanir á verkum Ásgríms Jónssonar sem fundust á lager Forlagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óvæntur fjársjóður kom í ljós þegar gramsað var í gömlum kössum:

## Fágætar eftirprentanir af verkum Ásgríms finnast á lager

**MENNING** Fágætar möppur með eftirprentunum af vatnslitaverkum Ásgríms Jónssonar fundust á lager Forlagsins fyrir skömmu.

Tæplega þrjátíu möppur með tíu myndum hver komu í ljós en bókaútgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson segist ekki hafa hugmynd um hvaða tilgangi þær áttu að þjóna. „Þetta er sennilega hluti af lager gamla Helgafellsins þegar Ragnar í Smára var sem duglegastur. Einhverjir hafa haldið því fram að þetta hafi verið prentað fyrir heimssýninguna í Montreal 1967. Svo gæti vel verið að Ragnar hafi ætlað að kynna Ásgrím fyrir útlendingum með þessum veglega hætti,“ segir Jóhann en myndirnar eru prentaðar á afar vandaðan pappír og allt kynningarefnið er á ensku.

**- fgg /** **sjá síðu 26**

Borgin fær heimsókn frá Kína:

## Ræðir jarðhita við Jón Gnarr

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, mun í dag taka á móti Liu Qi, fyrrverandi borgarstjóra í Peking, höfuðborg Kína, sem kominn er hingað til lands í opinbera heimsókn í boði Reykjavíkurborgar.

Heiða Kristín Helgadóttir, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir að Liu Qi hafi haft frumkvæði að því að koma hingað til lands. Kerfið virki þó þannig að borgin verði að bjóða honum formlega í heimsókn. Hann mun funda með borgarstjóra og öðrum borgarfulltrúum Besta flokksins í dag.

Spurð um efni fundarins segir Heiða að Liu Qi hafi lýst áhuga á að ræða um jarðhita og orkumál. Hún segir að rætt hafi verið innan Besta flokksins hvort minnast eigi á mannréttindamál á fundinum, en niðurstaðan verði trúlega sú að gera það ekki. „En maður veit svo sem aldrei hvað Jón gerir,“ segir Heiða. **- bj**










**SPURNING DAGSINS**



*Egill, ert þú nógu sterkur rithöfundur í þennan félagsskap?*

„Jú, ég verð þeim bókastoð og stytta.“

Egill „Gillzenegger“ Einarsson rithöfundur hefur sótt um aðild að Rithöfundasambandinu. Hann gagnrýndi félagsmenn í gær, sagði þá pappakassa og horrenglur og bauðst til að „kjöta“ Sjón upp.

Skilanefnd Glitnis áætlar að kröfuhafar taki við rekstrinum á næstu fimm árum:

# Bú Straums var fremur lítið

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Glitnis gerir ráð fyrir að kröfuhafar taki við stjórn bankans á næstu fimm árum.

„Þetta er langtímamarkmið okkar,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis. Hann telur líklegt að kröfuhafar geti tekið við stjórninni eftir um fimm ár. Innan þess tíma sé áætlað að selja hlut Glitnis í Íslandsbanka.



ÁRNI TÓMASSON

Málið er ekki á dagskrá gamla Landsbankans og ekkert um það að finna í skýrslu til kröfuhafa Kaupþings. Íslenska ríkið á rúm áttatíu prósent í gamla Landsbankanum. Glitnir á 95 prósenta hlut í Íslandsbanka en Kaupþing 87 prósent í Arion banka.

Kröfuhafar Straums tóku við stjórn bankans í síðustu viku og segja það geta verið fyrirmynd að uppgjöri á gömlu bönkunum.

Árni bendir á að ljúka þurfi dómsmálum við kröfuhafa áður en þeir geti tekið við bankanum. Í bú Glitnis var lýst 8.500 kröfum og fóru fyrstu deilumálin fyrir héraðsdóm í byrjun árs. Búist er við fyrstu niðurstöðum seint á þessu ári. Árni útilokar ekki að einhverjum málum verði áfrýjað til Hæstaréttar. Til samanburðar var í kringum 28 þúsund kröfum lýst í bú Kaupþings en einungis þrjú hundruð í Straum. - jab

**Heildarkröfur í bankana***

| | Straumur | Glitnir | Kaupþ. | Landsb. |
|---|---|---|---|---|
| Kröfur | 200 | 2.969 | 4.207 | 3.427 |

* Í milljörðum króna

Seldu íbúð fyrir metverð:

## Fermetrinn á 22 milljónir

**VIÐSKIPTI Bræðurnir Christian og Nick Candy, fyrrverandi viðskiptavinir Kaupþings í Bretlandi, hafa selt þakíbúð sína í Monte Carlo í Mónakó fyrir 190 milljónir punda, jafnvirði rúmra 36 milljarða króna.**

**Kaupandinn er fjárfestir frá Miðausturlöndum sem vill ekki láta nafn síns getið.**

**Þetta er hæsta íbúðarverð í heimi og jafngildir því að fermetrinn kosti 22 milljónir íslenskra króna.** - jab

ESB hvetur Króatíu til dáða:

## Endurbótum þarf að hraða

**KRÓATÍA, AP Viviane Reding, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, segir nauðsynlegt að umbætur á fyrirkomulagi dómsmála í Króatíu virki eins og til er ætlast áður en landið getur fengið aðild að ESB.**

**Króatía vonast til að geta gengið í Evrópusambandið árið 2012, en áður en af því verður þarf dómskerfi landsins að verða bæði skilvirkt og óhlutdrægt, flóttamönnum og minnihlutahópum þarf að tryggja full réttindi, auk þess sem styrkja þarf baráttu gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi.**

**Reding sagði að nú þurfi stjórnin í Króatíu að „hraða endurbótum. Ekki aðeins á pappírnum.“** - gb

Ræddi við ráðamenn í Kína:

## Vilja styðja endurreisn Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, segir kínversk stjórnvöld hafa einsett sér að styðja við Ísland á tímum efnahagslegra erfiðleika, meðal annars með auknum innflutningi á íslenskum vörum til Kína sem og víðtækt samstarf í orkumálum.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá embætti forseta Íslands, en forseti er staddur í Kína.

Forseti fundaði með Jiabao í gær þar sem ráðherrann ítrekaði vilja Kína til frekara samstarfs og að gjaldeyrisskiptasamningurinn milli seðlabanka landanna, sem undirritaður var í sumar, væri hornsteinn þess samstarfs.

Á fundinum var einnig rætt um aðkomu Íslendinga að jarðhitaverkefnum í Kína. Þá sagði Jiabao að gosið í Eyjafjallajökli hefði vakið mikla athygli og fyrirséð væri að kínverskir ferðamenn myndu sækja Ísland heim í stórauknum mæli á næstunni. - þj

# Kynþáttahatur undirrót árásar á heimili

**Karlmaður á fertugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald eftir að hópur manna gerði atlögu að heimili feðga sem ættaðir eru frá Kúbu. Lögregla telur að kynþáttahatur hafi verið ástæða atlögunnar. Feðgarnir hafa flúið land.**

**LÖGREGLUMÁL** Ekkert bendir til annars en að kynþáttahatur hafi verið undirrót þess að tvívegis var ráðist inn á heimili feðga í Vesturbænum á laugardag, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Mennirnir eru ættaðir frá Kúbu en hafa búið hér á landi í ríflega áratug.

Lögreglan handtók á sunnudag tvo menn sem grunaðir eru um að hafa stýrt húsbrotinu. Öðrum mannanna var sleppt að loknum yfirheyrslum. Hinn maðurinn, karlmaður á fertugsaldri, var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag í Héraðsdómi Reykjavíkur. Maðurinn hefur komið við sögu hjá lögreglu vegna ofbeldismála.

Hákon Sigurjónsson, lögreglufulltrúi hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir að krafist hafi verið gæsluvarðhalds yfir manninum vegna rannsóknarhagsmuna. Hinn maðurinn hafi skýrt frá aðkomu sinni að málinu með fullnægjandi hætti svo ekki hafi verið þörf á því að krefjast gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir honum.

Málið má rekja til kynþáttafordóma sem kærasta sautján ára pilts, sem ættaður er frá Kúbu, varð fyrir frá samnemanda í Menntaskólanum í Kópavogi. Pilturinn staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi farið í skólann á fimmtudag ásamt fimm vinum sínum. Hann segir að tilgangurinn hafi verið að ræða við skólastjórann. Aðrir segja að tilgangurinn hafi verið að hitta á nemanda í skólanum sem hafi haft í hótunum við hann í gegnum kærustu hans.

Ekki kom til átaka í skólanum en til orðaskipta kom milli sexmenninganna og nemanda í skólanum. Sá mun vera frændi mannsins sem nú situr í varðhaldi.

Í kjölfarið fór pilturinn að fá símtöl frá manninum sem nú situr í varðhaldi þar sem honum var hótað. Á laugardag var svo tvívegis ráðist inn á heimili hans og föður hans, sem einnig er ættaður frá Kúbu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur lögregla að maðurinn sem nú situr í varðhaldi hafi haft sig þar mest í frammi.

Lögreglan telur að tilgangur mannanna hafi verið að ógna feðgunum og hræða þá. Mennirnir voru ekki vopnaðir, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru þeir með verkfæri meðferðis.

Feðgarnir flúðu land eftir aðfarirnar. Í samtali við morgunútvarp RÚV sagði faðirinn þá hafa fengið lögreglufylgd út á Keflavíkurflugvöll. Hákon segir það á misskilningi byggt. Þeir hafi ekki fengið lögreglufylgd, en lögreglumaður sem átt hafi erindi á Reykjanes hafi fylgt þeim á flugvöllinn. Lögreglan hafi enga aðkomu átt að þeirri ákvörðun feðganna að fara af landi brott. brjann@frettabladid.is



**HÚSBROT** Mennirnir sem réðust inn á heimili feðga á laugardag brutu rúðu í útidyrahurð og notuðu svo slökkvitæki sem var á ganginum til að brjóta sér leið inn í íbúð feðganna. Búið var að negla fyrir glugga í húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DRENGURINN** Drengurinn er kominn í umsjón lækna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýfætt barn fannst á flugvelli:

## Skilið eftir nýfætt í ruslapoka

**FILIPPSEYJAR, AP** Nýfætt sveinbarn fannst á sunnudag í ruslapoka í flugvél á flugvellinum í Maníla, höfuðborg Filippseyja. Pokann var nýbúið að fjarlægja af salerni vélarinnar, sem var nýlent eftir flug frá Mið-Austurlöndum.

Drengurinn var vafinn í bréfaþurrkur og enn blóðugur eftir fæðinguna. Hann var strax fluttur á læknastöð á flugvellinum, þar sem læknar og hjúkrunarkonur þrifu hann og gengu úr skugga um að hann væri við fulla heilsu.

„Þegar búið var að þrífa hann grét hann ofurlítið,“ sagði hjúkrunarkonan Kate Calvo. - gb

Uppboð hjá Ríkiskaupum:

## Selja ríkisbíla í ýmsu ástandi

**VIÐSKIPTI Uppboð á bílum og öðrum tækjum í eigu ríkisstofnana fer fram hjá Ríkiskaupum í dag. Í boði eru 24 tæki, flest bílar, sem samkvæmt vef Ríkiskaupa eru í ýmsu ástandi.**

**Flestir bílanna eru í lagi en meðal annarra eru sendibifreið frá Náttúrufræðistofnun með bilaða dísilvél, sendibifreið frá Landsvirkjun með bilaðan gírkassa og pallbíl frá Þingvallanefnd sem er skemmdur eftir umferðaróhapp. Þá á að selja sjö ára gamlan Volvó frá Ríkislögreglustjóra, ekinn 416 þúsund kílómetra.** - bþs


# BRIDS SKÓLINN



Byrjendur ... 27. september ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 29. september ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Viltu læra brids?** Á byrjendanámskeiði Bridsskólans er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Þú getur komið ein eða einn, með öðrum eða í hóp og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli! Sjá **bridge.is** undir "fræðsla".
- **Viltu verða betri spilari?** Framhaldið hentar breiðum hópi spilara, bæði þeim sem töluvert kunna og eins hinum sem eru rétt að slíta fyrsta stokknum. Ekki er nauðsynlegt að vera með makker. Sjá **bridge.is**/fræðsla.
- **Staður:** Síðumúli 37 í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.


Mona Sahlin reynir að koma í veg fyrir að hægrimenn stjórni annað kjörtímabil:

# Sigurlíkur Reinfeldts aukast

**SVÍÞJÓÐ** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra og leiðtogi sænskra hægri manna, þótti standa sig heldur betur en Mona Sahlin, leiðtogi sósíaldemókrata, í sjónvarpseinvígi á sunnudagskvöldið.

Þingkosningar verða haldnar næsta sunnudag. Baráttan stendur á milli bandalags hægri flokkanna, sem hafa farið með stjórnartaumana síðustu árin, og bandalag rauðgrænu flokkanna svonefndu undir forystu sósíaldemókrata, sem síðustu áratugina hafa sjaldnast þurft að sitja lengi utan stjórnar.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðast þó borgaralegu flokkarnir ætla að halda meirihluta sínum annað kjörtímabil. Þeir mælast með tæplega 52 prósenta fylgi og hafa heldur sótt í sig veðrið síðustu daga, en rauðgræna bandalagið er með 42 prósent.

Mona Sahlin hefur stillt málum þannig upp að sænska velferðarkerfið sé í hættu ef Reinfeldt fær að stjórna í fjögur ár í viðbót.

Reinfeldt hefur hins vegar sagst ætla að viðhalda velferðarkerfinu með því að draga úr atvinnuleysi svo fleiri geti borgað skatta til að standa undir velferðinni. - gb



**LEIÐTOGAR RAUÐGRÆNA BANDALAGSINS** Mona Sahlin, leiðtogi Sósíaldemókrata, ásamt leiðtoga Vinstriflokksins og fulltrúum Græningja. NORDICPHOTOS/AFP


Hvað sem á bjátar og hvað sem á dynur
hverning sem veröldin dæsir og stynur
skaltu aðstoð okkar þiggja
því alla þá sem landið byggja
**– okkar hlutverk er að tryggja.**
Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

## GENGIÐ 13.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,59 | 118,15 |
| Sterlingspund | 181,10 | 181,98 |
| Evra | 150,56 | 151,40 |
| Dönsk króna | 20,216 | 20,334 |
| Norsk króna | 19,170 | 19,282 |
| Sænsk króna | 16,404 | 16,500 |
| Japanskt jen | 1,3983 | 1,4065 |
| SDR | 178,06 | 179,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3211

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sest á þing á ný eftir fimm mánaða leyfi:

# Endurskoða þarf verklag ríkisstjórnarinnar

**ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fyrrverandi menntamálaráðherra, telur að athuga þurfi hvort rétt sé að viðhalda því fyrirkomulagi að ríkisstjórn Íslands sé ekki fjölskipað stjórnvald. Hún telur að tryggja þurfi að í stórum málum verði ríkisstjórn öll upplýst og meðvituð um ábyrgð sína.

Þorgerður telur jafnframt að samráðsferli ráðherra þurfi að vera í fastari skorðum en nú er og að koma þurfi í veg fyrir að „pólitískir duttlungar og hentisemi geti ráðið för í stórum og þýðingarmiklum hagsmunamálum lands og þjóðar“.

Þorgerður lætur þessar skoðanir í ljós í bréfi til þingmannanefndar undir forsæti Atla Gíslasonar. Ráðherrum í ríkisstjórnum Geirs H. Haarde gafst færi á að senda nefndinni athugasemdir eða upplýsingar.

Þorgerður settist á þing á ný í gær eftir leyfi sem hún tók sér í framhaldi af útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Snýr hún aftur í kjölfar útkomu skýrslu þingmannanefndarinnar.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar var einkum fjallað um Þorgerði í tengslum við há bankalán eiginmanns hennar. Í engu er vikið að þeim málum í skýrslu þingmannanefndarinnar. - bþs



**Í VIÐTALI** Sjónvarpið tók Þorgerði Katrínu tali í þinghúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verkalýðsfélag Akraness:

## Þeir hækki launin sem geta

**KJARAMÁL** Formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, vill að útflutningsfyrirtæki, sem njóta góðs af veikri krónu, veiti starfsfólki sínu launahækkanir. Vill hann að „sótt verði að þeim atvinnugreinum sem hafa borð fyrir báru til að hækka verulega laun sinna starfsmanna“ eins og segir í frétt á síðu félagsins. Þar er þess einnig getið að forysta ASÍ sé ekki hlynnt þeirri leið. Kveðst Vilhjálmur ekki skilja þá afstöðu.



VILHJÁLMUR BIRGISSON

Býst hann við að töluverður tími fari í að ræða stefnuna í komandi kjarasamningum á formannafundi aðildarfélaga ASÍ á fimmtudag. - bþs

Ósáttir við Framtakssjóðinn:

## FFSÍ gagnrýnir kaup á Vestia

**VIÐSKIPTI Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, FFSÍ, telur að stjórn Framtakssjóðs lífeyrissjóða hafi farið út fyrir hlutverk sitt með kaupum á Vestia af Landsbankanum.**

**Kaupin gangi þvert á þann ramma sem var lagður til grundvallar þegar hlutverk sjóðsins var kynnt fyrir stjórnum þeirra lífeyrissjóða sem koma að fjármögnun sjóðsins.**

**Í tilkynningu frá FFSÍ segir að „byrjað hafi verið á öfugum enda, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að kröfu um ávöxtun sé fullnægt“ með kaupunum. Nóg sé komið af áhættufjárfestingum hjá lífeyrissjóðum landsins.** - bj

# Stenst ekki kröfur

**Formaður Lögfræðingafélagsins gerir margvíslegar athugasemdir við ákvörðun sjö þingmanna um að höfða beri mál á hendur ráðherrum. Lög um landsdóm og ráðherraábyrgð uppfylli ekki kröfur sakamálaréttarfars og mannréttinda.**

**DÓMSMÁL** „Lögin um landsdóm og lögin um ráðherraábyrgð hafa runnið sitt skeið og uppfylla ekki þær kröfur sem almennar reglur sakamálaréttarfars og mannréttindareglur gera.“

Þetta segir Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður á lögmannsstofunni Lex og formaður Lögfræðingafélags Íslands. Kristín sér ýmsa meinbugi á þeirri niðurstöðu sjö þingmanna í sérstakri þingmannanefnd að draga beri fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm. Fyrir það fyrsta bendir hún á að lögin um landsdóm geri ráð fyrir að mál sé rannsakað eftir að Alþingi tekur ákvörðun um að ákæra og fyrir hvað sé ákært. „Þetta er í algjörri andstöðu við þá grundvallarreglu sakamálaréttarfars að rannsaka skuli mál áður en ákvörðun um að ákæra er tekin. Rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis kemur ekki í stað sakamálarannsóknar.“



KRISTÍN EDWALD

Önnur meginregla sakamálaréttarfars sé að rannsókn eigi að beinast að því að leiða hið sanna og rétta í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og til sektar. Frá þessu sé vikið í málum ráðherranna fyrrverandi. „Saksóknari Alþingis er bundinn af ákvörðun Alþingis um fyrir hvað er ákært. Hann getur hvorki fallið frá ákærunni né rannsókn þáttum hennar. Ef búið er að gefa út ákæru áður en rannsókn fer fram er bersýnilegt að slík eftirfarandi rannsókn hlýtur að beinast eingöngu að því að undirbyggja þá ákæru sem þegar hefur verið gefin út. Með þessu fyrirkomulagi sem lögin um landsdóm gera ráð fyrir eru grundvallarréttindi sakaðra manna fyrir borð borin og uppfylla ekki kröfur mannréttindaákvæða um réttláta málsmeðferð.“

Þá metur Kristín refsiheimildirnar óskýrar og segir vafa leika á hvort þær uppfylli kröfur stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Að auki telur hún skýrleika og nákvæmni ábótavant í verknaðarlýsingum þingsályktunartillagna þingmannanna. Ekki verði séð af þeim hvað það er nákvæmlega sem viðkomandi hefðu átt að gera eða létu ógert.

bjorn@frettabladid.is



**SKÝRSLAN FLUTT** Atli Gíslason, þingmaður VG og formaður níu manna þingmannanefndar, flutti þinginu skýrslu nefndarinnar á þingfundi í gær. Aðrir nefndarmenn fylgdu í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Pólitískar ákærur í andstöðu við réttarríkið

Auk þess að benda á að lög um landsdóm og ráðherraábyrgð uppfylli ekki kröfur sem almennt eru metnar sjálfsagðar gagnrýnir Kristín Edwald að þingmenn taki ákvörðun um ákærur. „Þá liggur í hlutarins eðli að sú ákvörðun er að að einhverju leyti pólitísk. Það á aldrei að blanda pólitík inn í ákvörðun um hvort einstaklingar skuli ákærðir eða ekki. Slíkt samræmist ekki réttlátu réttarríki.“

Þá vill Kristín leiðrétta þá sem telja að þingmenn þurfi í raun ekki að taka afstöðu til sakarefna. „Það er grundvallarregla í sakamálaréttarfari að ekki skuli gefa út ákæru nema gögn máls séu nægileg eða líkleg til sakfellis. Alþingi fer með ákæruvaldið og þingmönnum ber skilyrðislaust að taka afstöðu til sakarefna.“

Allsherjarnefnd Alþingis:

## Vill skýrslu um stöðu skuldara á Norðurlöndum

**ALÞINGI Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir að félags- og tryggingamálaráðherra taki saman skýrslu um stöðu skuldara á Norðurlöndum.**

**Vill nefndin fá upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru á hinum Norðurlöndunum og hvernig þau hafa reynst. Enn fremur nákvæma greiningu á hverjir hafi nýtt sér þau og þá hvers vegna og skilyrði fyrir nýtingu þeirra.**

**Þá er óskað upplýsinga um reglur um verðtryggingu lána í nágrannaríkjunum auk þess sem spurt er hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara séu starfrækt þar.** - bþs

Nýjar reglur um banka:

## Eiga að draga úr áhættunni

**SVISS, AP** Fulltrúar helstu seðlabanka heims hafa komið sér saman um nýjar alþjóðareglur um bankastarfsemi, sem eiga að draga úr áhættu í rekstri þeirra og minnka líkur á kreppu.

Reglur um eiginfjárhlutfall banka verða hertar til að tryggja þá gegn áföllum á borð við þau sem urðu fyrir tveimur árum.

Stjórnvöld hvers ríkis fyrir sig þurfa þó að samþykkja reglurnar áður en þær taka gildi. - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Börnin án öryggisbúnaðar

Ökumaður var stöðvaður á Reykjanesbraut með tvö börn, 3 og 11 ára, í aftursætinu. Hið eldra var ekki í belti og hið yngra ekki í barnabílstóli. Maðurinn má búast við sekt og upplýsingar verða sendar barnaverndaryfirvöldum.




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HAUSTIÐ HEILSAR**
Í dag verður frekar hvasst á landinu, einkum á Vestfjörðum og við norður- og vesturströndina. Þessu fylgir talsverð úrkoma norðanlands. Á morgun dregur aðeins úr vindi og vætu og á fimmtudaginn skánar veðrið til muna þó áfram verði væta norðan til.



Á MORGUN
10-18 m/s, hægari SA-til.

FIMMTUDAGUR
Norðlægar áttir, 4-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 24° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

HYUNDAI

# NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

# i20




**Komdu og reynslu-aktu nýjum Hyundai í dag!**

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningar-salinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai *i20* er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai *i20*, hann á eftir að koma þér á óvart.

**Verð frá: 2.540.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

### i30



i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð frá 2.690.000 kr.**

### ix35



ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM42716

# UMBÓTATILLÖGUR ÞINGMANNANEFNDARINNAR Í HNOTSKURN



## Fjármálafyrirtæki

**1** Marka opinbera stefnu um fjármálamarkaðinn með skýrri framtíðarsýn um hvers konar fjármálamarkaður eigi að vera hérlendis.

**2** Endurskoða lög um fjármálafyrirtæki og kauphallir.

**3** Stefnumótun fari fram um hvers konar fjármálakerfi samrýmist stærð og þörfum þjóðarbúsins, hvert eigi að vera hlutverk ríkisins í rekstri fjármálafyrirtækja, fyrirkomulag innstæðutrygginga, innleiðingu EES-gerða og aðlögun að íslenskum aðstæðum og eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Tekin verði afstaða til þess hvort aðskilja eigi innlánsstofnanir og fjárfestingarbanka og innlenda og erlenda starfsemi sem samstæðu félaga.

**4** Styrkja löggjöf um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Við þá endurskoðun ber sérstaklega að líta til kynningar- og fjárfestingarstarfsemi, vera óháð gagnvart móðurfélögum, hlutfallsstærðar miðað við markað til fjárfestinga, lausafjár- og áhættustýringar, fyrirkomulags launamála starfsmanna og eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi þeirra.

**5** Lögfesta reglur um skjalagerð, tryggingar og lánveitingar til eignarhaldsfélaga. Takmarka heimildir forstjóra fjárfestingarfélaga til að stunda eigin fjárfestingar. Skýra reglur um eigið fé til að minnka áhættu. Skýra heimildir til að gera framvirka samninga. Setjar skorður við samþjöppun áhættu í fjármálakerfinu. Skylda fjármálafyrirtæki til að setja sér reglur og birta upplýsingar um gjafir, kostun og styrki. Styrkja lagagrundvöll innra eftirlits fjármálafyrirtækja og aðgengi þeirra að Fjármálaeftirlitinu. Herða reglur um tengda aðila og skýra reglur um skráningu á eignarhaldi.

**6** Skoða hvort Fjármálaeftirlitið eigi að hafa virkar valdheimildir til að skipta út stjórn, stjórnendum og ytri endurskoðendum fjármálafyrirtækja ef áhættustýring og rekstur eftirlitsskylds aðila er með þeim hætti að hagsmunum innstæðueiganda og annarra lánardrottna er stefnt í hættu.

**7** Óheimilt verði að lána starfsmönnum fé til kaupa á hlutabréfum með veði í bréfunum. Setja strangari skorður við því að fyrirkomulag launa og lífeyrisgreiðslna leiði til aukinnar áhættusækni.

**8** Innborganir í Tryggingarsjóð innstæðueigenda taki mið af skuldbindingum og áhættu. Afmarka skýrar til hvaða innstæðna trygging Tryggingarsjóðs taki. Skoða skipan stjórnar sjóðsins. Skoða hvort innlán verði forgangskröfur við þrot fjármálafyrirtækis.



## Eftirlitsstofnanir

**1** Gera stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands til að bæta réttarheimildir til grundvallar starfrækslu fjármálafyrirtækja, valdheimildum eftirlitsstofnana og upplýsingaflæði milli eftirlitsstofnana og fagráðherra.

**2.** Kveða skýrar á um hvaða stofnun eigi að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og ábyrgð á að samræma viðbrögð stjórnvalda við fjármálaáfalli.

**3.** Skoða hvernig eftirliti með tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og verðbréfaviðskiptum verði best sinnt fyrir almenning.

**4** Endurskoða lög um eftirlit með fjármálastarfsemi.

**5** Endurskoða lög og reglur um innri og ytri endurskoðendur, regluverði, bókhald og reikningsskil til að herða á ábyrgð, upplýsingaskyldu og verklagi, styrkja sjálfstæði og efla tengsl við opinberar eftirlitsstofnanir.

**6** Efla lög og reglur um störf og hlutverk endurskoðenda fyrirtækja, meðal annars til að bæta starfsskilyrði og efla frumkvæðisskyldu þeirra við endurskoðun.

**7** Tryggja formfestu í samskiptum Seðlabankans við aðrar stofnanir, ríkisstjórn og einkaaðila.

**8** Læra af þeirri afstöðu Seðlabankans að greina ekki áhættuna af aukningu veðlána fjármálafyrirtækja og sporna ekki við veðsetningu í skuldabréfum þeirra. Lögfesta formskilyrði meðferðar beiðna um lán til þrautavara. Herða reglur um lausafjáreftirlit með erlendum gjaldmiðlum hjá fjármálafyrirtækjum.

**9.** Fjármálaeftirlitið geti ávallt sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við stærð fjármálamarkaðarins.

**10** Skerpa verkferla Fjármálaeftirlitsins og eftirlitið beiti valdheimildum af hugrekki og festu.

**11** Fjármálaeftirlitið ráði yfir öflugri upplýsingatækni. Tryggt sé að stofnunin sæti reglubundnu stjórnsýslulegu eftirliti og endurskoðun.

**12** Fjármálaeftirlitið hafi skilvirkt upplýsingakerfi um krosseignatengsl.

**13** Fjármálaeftirlitið skilgreini hugtakið „góðir viðskiptahættir“ skýrt.

**14** Efla reglur um lausafjáreftirlit, álagspróf og mat á eigin fé, flokkun áhættu, upplýsingar um tryggingar og viðskipti eigin deilda og að samskipti stofnunarinnar við innri og ytri endurskoðendur og regluverði séu í föstum skorðum.

**15** Ítreka ábyrgð fagráðherra á eftirliti með störfum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Alþingi hafi eftirlit með ráðherrum og ráðherra tryggi að stofnanirnar sinni hlutverki sínu.



## Stjórnsýsla

**1** Endurskoða stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um Stjórnarráð Íslands.

**2** Breyta lögum og reglum til að hindra að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra. Skarist valdsvið hafi ráðherrar formlega samvinnu þar sem ávallt sé ljóst á ábyrgðarsviði hvers þeirra er starfað.

**3** Setja reglur um pólitíska starfsmenn ráðherra. Verklag innan ráðuneyta samræmt sem og skráning samskipta og skýrt sé með hvaða hætti ráðuneyti hafi eftirlit með þeim sjálfstæðu stofnunum sem undir þau heyra.

**4** Setja skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða með tilliti til sérstöðu landsins.

**5** Skýra hvaða stofnun hafi það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og bera ábyrgð á að samræma viðbrögð.

**6** Skerpa á verkaskiptingu stofnana ríkisins og afmarka betur skyldur einstakra stofnana og embættismanna. Í ráðuneytum sé til staðar sú fagþekking og reynsla sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum sem ráðuneytum ber. Ætíð sé ráðið faglega í stöðu embættismanna á faglegum forsendum.

**7** Stofna samráðsvettvang fjármálaráðuneytis, Alþingis, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans um efnahagsmál. Þar verði unnt að setja fram tillögur að formlegum hagstjórnarreglum sem hafi það að markmiði að jafna hagsveiflur.

**8** Leggja enn ríkari áherslu á formfestu við töku ákvarðana og innleiða þarf meiri aga í vinnubrögð til að stuðla að vandvirkni og góðum stjórnsýsluháttum. Ekki síst mikilvægt þegar taka þarf ákvarðanir undir miklu álagi, til dæmis þegar stjórnað er í neyðarástandi eins og var á haustið 2008.

**9** Fundargerðir ríkisstjórnar verði skráðar með skýrum hætti og þær birtar opinberlega. Samhliða verði haldin trúnaðarmálabók um viðkvæm málefni ríkisins eða önnur mál sem lúta trúnaði. Á fundum innan Stjórnarráðsins séu skráðar fundargerðir, svo og þegar oddvitar ríkisstjórnar eða ráðherrar koma fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi aðilum.

**10** Stjórnvöld hafi tiltæka viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli.



## Siðferði/samfélag

**1** Grunnur fulltrúalýðræðisins verður að vera trúnaður, traust, gagnsæi og heiðarleiki.

**2** Stjórnmálamenn hagi orðum og athöfnum ætíð út frá trúnaðarskyldum sínum við land og þjóð.

**3** Hagsmunir almennings séu ávallt hafðir að leiðarljósi.

**4** Svo að stjórnmálamenn megi öðlast traust þjóðarinnar á ný þarf skýrar reglur um styrki og fjármögnun stjórnmálaflokka.

**5** Starfsemi í viðskiptalífinu einkenndist um of af því að líta svo á að það sem ekki var beinlínis bannað væri leyfilegt. Sporna á við svo þröngri lagahyggju og líta til anda laga í heild.

**6** Fræðasamfélagið taki alvarlega gagnrýni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

**7** Endurskoða lög um háskóla til að tryggja betur frelsi háskólasamfélagsins og fræðilega hlutlægni. Hvetja háskólamenn til opinberrar umræðu.

**8** Efla siðfræðilega menntun fagstétta. Siðfræði og heimspeki sé sjálfsagður hluti alls náms á öllum skólastigum, sem og gagnrýnin hugsun, rökræður og fjölmiðlalæsi.

**9** Fjölmiðlar haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Fjölmiðlar náðu ekki að rækja þetta hlutverk sitt í aðdraganda bankahrunsins. Ríkisútvarpið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu sem öflugur fréttamiðill og vettvangur fræðslu, menningar og skoðanaskipta og beiti sér fyrir vandaðri rannsóknarblaðamennsku.

**10** Því að vera borgari fylgja ekki einungis réttindi heldur einnig skyldur.



## Alþingi

**1** Sett verði ákvæði í stjórnarskrá um hlutverk Alþingis.

**2** Alþingismenn setji sér siðareglur.

**3** Styrkja eftirlitshlutverk þingsins, rétt þingmanna til upplýsinga, aðgengi að faglegri ráðgjöf og stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

**4** Alþingi verði gefin árleg skýrsla um framkvæmd þingsályktana og mála sem Alþingi vísar til ríkisstjórnarinnar.

**5** Sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir.

**6** Endurskoða nefndaskipan og störf fastanefnda Alþingis til að gera þær skilvirkari.

**7** Nefndaskipan þingsins taki mið af þörfum þingsins en ekki skipulagi Stjórnarráðsins. Reglur um opna nefndarfundi verði færðar í þingsköp.

**8** Endurskoða verklag við framlagningu stjórnarfrumvarpa til að auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Stjórnarfrumvörp lögð fram með góðum fyrirvara svo þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til, skoða þau, ræða og afgreiða.

**9** Setja skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða sem tryggi meðal annars góð vinnubrögð og vandaðar þýðingar á EES-gerðum. Skoða hvort Alþingi setji á fót sérstaka nefnd sem rýnir allar EES-gerðir sem lagðar eru fyrir til innleiðingar. Nýta betur lagaheimildir til að aðlaga EES-gerðirnar að íslenskum veruleika.

**10** Stofna sjálfstæða ríkisstofnun á vegum Alþingis sem metur og spáir fyrir efnahagslífið á sama hátt og Þjóðhagsstofnun gerði áður.

**11** Endurskoða lög um ráðherraábyrgð og landsdóm.

## Úttektir og rannsóknir



**1** Gera óháða rannsókn á vegum Alþingis á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi, frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til dagsins í dag.

**2** Gera sérstaka rannsókn og greiningu á málefnum lífeyrissjóða. Þá fari fram vönduð umræða um hlutverk lífeyrissjóða í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu og í kjölfarið heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna.

**3** Gera sjálfstæða og óháða rannsókn á vegum Alþingis á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi. Þrátt fyrir að sparisjóðirnir eigi í eðli sínu ekki að vera áhættusæknar stofnanir var sparisjóður fyrsta fjármálafyrirtækið sem féll árið 2008. Rannsaka þarf starfsemi sparisjóðanna, að minnsta kosti frá því að viðskipti með stofnfé voru leyfð.

**4** Gera stjórnsýsluúttekt á vegum Alþingis á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Meta síðan kosti og galla sameiningar þessara stofnana. Til hliðsjónar verði reynslan úr bankahruninu.

**5** Skýrt verði hvaða stofnun hafi heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu og fjármálalegan stöðugleika. Hún beri ábyrgð á að samræma viðbrögð.

**6** Gera ítarlega úttekt á störfum ytri endurskoðenda fram að hruni bankanna í október 2008. Til hliðsjónar verði breytingar sem gerðar voru á lagaumhverfi endurskoðenda í Bandaríkjunum.


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,72%

ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.08.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SAFT




# Opinn borgarafundur í átakinu Stöðvum einelti
## – haldinn í Árborg í kvöld

**Opinn borgarafundur verður haldinn 14. september í Fjallasal Sunnulækjarskóla í Árborg kl. 20:00.**

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin og Ungmennaráð SAFT, í samstarfi við Símann, mennta- og menningamálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið , Samband íslenskra sveitarfélaga og styrktaraðila, hefja nú eineltisátak á landsvísu á 11 stöðum á landinu og er þetta fyrsti opni borgarafundurinn.

**DAGSKRÁ:**

- **Fundarstjóri setur fundinn**
  *Sigurður Bjarnason, verkefnisstjóri fræðslumála*
- **Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpar borgarafundinn og ýtir átakinu úr vör**
- **Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla**
  *Góð ráð til foreldra*
- **Ingibjörg H. Baldursdóttir formaður Liðsmanna Jerico**
  *Hvernig viltu láta minnast þín?*
- **Þorlákur H. Helgason framkvæmdastjóri Olweusaráætlunar**
  *Hvers vegna eineltisáætlun?*
- **Leikritið *„Þú ert það sem þú gerir á netinu“***
  *Eftir Rannveigu Þorkelsdóttur og leikhópinn Elítuna*
- **Fundarhlé**
- **Pallborðsumræður**
- **Samantekt fundarstjóra**

**OPNIR BORGARAFUNDIR:**

| | | |
|---|---|---|
| 14. september | **Árborg** | Fjallasalur Sunnulækjarskóla |
| 16. september | **Ísafjörður** | Salur Grunnskólans á Ísafirði |
| 28. september | **Reykjanesbær** | Duus-hús |
| 5. október | **Sauðárkrókur** | Hús Frítímans |
| 6. október | **Akureyri** | Salur Brekkuskóla |
| 12. október | **Grundarfjörður** | Samkomuhús Grundarfjarðar |
| 19. október | **Egilsstaðir** | Hlymsdalir |
| 21. október | **Borgarnes** | Menntaskólinn í Borgarnesi |
| 26. október | **Vestmannaeyjar** | Kiwanishúsið við Strandveg |
| 28. október | **Höfn í Hornafirði** | Nýheimar |
| 2. nóvember | **Reykjavík** | *Staðsetning auglýst síðar* |

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið


Oddi
Snyrtivöruverslunin Andorra Stúdíó Helga Sæunn Strandgötu 32 sími 555 2615
já -er svarið
Liðsmenn Jerico
Síminn
Samband íslenskra sveitarfélaga
Gegn Einelti
Flugfélag Íslands
Barnavinafélagið Sumargjöf
Sigga Ljósmyndari Ljósmyndastofa

# Öllum erfitt að fjalla um mál ráðherrana

**Formaður þingmannanefndarinnar segir það ekki hafa verið auðvelt fyrir nefndarmenn að þurfa að taka afstöðu til flokkssystkina sem þeir hafa starfað með árum saman. Hann telur ákæru fyrir landsdómi standast mannréttindi.**

**ALÞINGI** Mælt var fyrir skýrslu þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á Alþingi í gær. Atli Gíslason, þingmaður VG og formaður þingmannanefndarinnar, fór fyrst almennum orðum um vinnu nefndarinnar. Sagðist hann hafa haft að leiðarljósi að ná samstöðu og einhug innan nefndarinnar. Kvaðst hann vonast til að umræður færu fram um aðalatriðið, þ.e. sjálfa skýrsluna en ekki aukaafurðina, það sem snýr að ráðherraábyrgðinni. Sagði hann þann þátt hafa reynst öllum erfitt verk. „Það hefur ekki verið auðvelt fyrir neitt okkar og síst þá sem standa frammi fyrir því að þurfa að taka afstöðu til flokkssystkina sinna eða flokksfélaga sem þau hafa starfað með árum eða áratugum saman."

Atli var engu að síður spurður hvort hann teldi ákæru fyrir landsdómi standast mannréttindi. Kvað hann svo vera.

Atli sagði nefndina hafa komist að þeirri meginniðurstöðu að auka yrði sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar. „Það má segja að þetta sé sjálfstæðisyfirlýsing Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu," sagði hann. „Það er kominn tími til að iðka þrískiptingu ríkisvaldsins eins og hugmyndafræðingar þeirrar þrískiptingar lögðu upp með á sínum tíma."

Atli nefndi dæmi um umhugsunarverð táknræn atriði er varða samskipti þings og ráðherra. „Við köllum ráðherrana hæstvirta en okkur háttvirta," sagði hann og benti einnig á aukinn rétt ráðherra til að grípa inn í umræður. Þá upplýsti hann að vegna ágangs ráðherra hefði verið útlit fyrir að störf þingmannanefndarinnar hefðu raskast á síðustu metrunum. Því hefði tekist að afstýra.

Nefndarmenn skiptu með sér verkum við flutning skýrslunnar og voru stuttar athugasemdir leyfðar á milli ræðna. Málið er áfram á dagskrá þingsins í dag.

- bþs



**MEÐ SKÝRSLUNA Á LOFTI** Atli Gíslason í ræðustól Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**OSRAM** sparperur fást í þremur flokkum




Hvítt fyrir sparsama.



OSRAM DULUXSTAR®

Warm Comfort Light

| Eiginleikar vöru | DULUXSTAR® Stick | DULUXSTAR® Mini Twist | DULUXSTAR® Mini Ball | DULUXSTAR® Mini Candle | DULUXSTAR® Reflector R63 |
|---|---|---|---|---|---|
| Orkusparnaður allt að | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] |
| Meðallíftími | 10.000 klst. | 8.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. |
| NÝR ljóslitur! Warm Comfort Light | já | já | já | já | já |
| Kveikingar | 20.000[2] | 5.000[2] | 10.000[2] | 10.000[2] | 20.000[2] |
| Vött (W) | 5-30 | 5-23 | 5-20 | 5-10 | 11-13 |
| Sökkull | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E27 |

[1]Miðað við venjulegar glóperur | [2] Kveikingar: 90 mín kveikt, 15 mín. slökkt

OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co. | Krókhálsi 3 | sími 533-1900 | www.olafsson.is



Kíktu á Námuna á Facebook

# 150 fríar færslur á ári fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

**Það er leikur að læra með Námunni.**

Jón Benediktsson,
Námufélagi og nemi í stærðfræði




ENNEMM / SÍA / NM43049 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

**NÁMAN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn



Þú færð Fréttablaðið
á kostnaðarverði á 90 stöðum
um land allt.
Nánari upplýsingar á
visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

## Rýmum fyrir nýjum vörum! Allt að 80% afsláttur!

42"

EPT4251MT




full HD 1080P

PALLADINE

### Palladine 42" LCD Full HD

Palladine EPT4251MT er glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080pt. upplausn með íslensku valmyndakerfi. USB 2.0 afspilun af flakkara eða minnislykli.

**250GB Imation flakkari að verðmæti 15.995 kr. fylgir.**

70.000 afsláttur

Útsöluverð **149.995 kr.**

Verð áður 219.995 kr.

42"

42PJ350N



LG

### 42" LG Plasma

42" HD-ready Plasma. Þunnur rammi. 1024x768pt. upplausn. 600Hz tækni. Stafrænn móttakari, USB-tengi. 2x HDMI DivX-stuðningur.

40.000 afsláttur

Útsöluverð **139.995 kr.**

Verð áður 179.995 kr.

YAMAHA

### Yamaha iPod hátalari

Skemmtileg og nett smástæða fyrir iPod. Fjarstýring fylgir. Litur blár og bleikur.

iPod fylgir ekki



50% afsláttur

Útsöluverð **19.995 kr.**

Verð áður 39.995 kr.

### DVD spilari Airis 7" 2 skjáir W

Frábært DVD sett í bílinn. Tveir 7" skjáir ásamt DVD spilara. Allir nauðsynlegir aukahlutir fylgja, sem og höfuðpúðafestingar, hleðslutæki, fjarstýring o.fl. Litur svart og hvítt.



39% afsláttur

Útsöluverð **21.995 kr.**

Verð áður 39.995 kr.

LG

42LD420



### 42" LG LCD FHD 50Hz sjónvarp

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080pt. upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður. 2x HDMI. USB 2.0. SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.

50.000 afsláttur

Útsöluverð **129.995 kr.**

Verð áður 179.995 kr.

### Knopex Retro útvarp

5009108

Flott FM/AM-útvarp með Aux in-tengi.



35% afsláttur

Útsöluverð **4.495 kr.**

Verð áður 6.995 kr.

SALORA

3122



### Salora 19" LCD

19" LCD-skjár með innbyggðum DVD-spilara. 1366x768pt. upplausn. Háglans áferð. HDMI-tengi. 12 V.

20.000 afsláttur

Útsöluverð **49.995 kr.**

Verð áður 69.995 kr.

YAMAHA

SYSMCR330B

### Yamaha MCR330 Micro stæða

Frábær smástæða frá Yamaha með tengi fyrir iPod, geislaspilara, FM-útvarpi og USB-tengi.



33% afsláttur

Útsöluverð **59.995 kr.**

Verð áður 89.995kr.

NOKIA

### Nokia BH-104 Bluetooth höfuðtól



55% afsláttur

Útsöluverð **2.995 kr.**

Verð áður 6.995 kr.

## 20% aukaafsláttur af öllum útsölusímum.

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 102158

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hamlar Herjólfi í innsiglingu Landeyjahafnar?
2. Hvaða háskólar ræða þessa dagana mögulega sameiningu?
3. Hvar er Þorláksbúð?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Forseti Íslands harður á afstöðu sinni til Icesave í blaðaviðtali í Kína:

# Almenningur á ekki að borga

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands fór ekki dult með þá skoðun sína, í viðtali við kínverska blaðið Global Times, að almenningur á Íslandi ætti ekki að borga brúsann fyrir Icesave-reikninga Landsbankans.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

„Fólk sem leggur peninga sína inn í einkabanka verður að átta sig á því að þetta er einkabanki. Þetta er ekki ríkisbanki. Og Evrópufyrirkomulagið um einkabanka er byggt á þeirri meginreglu að ríkisábyrgð sé ekki fyrir hendi,“ er haft eftir honum í viðtalinu.

Ólafur Ragnar segir jafnframt að þegar vel gangi í þessum bönkum þá gangi gróðinn alfarið til eigenda og stjórnenda bankans.

„Það er ósanngjarnt að krefja almenning á Íslandi, fólk sem býr í þorpum, landbúnaðarhéruðum eða sjávarútvegsbyggðum, kennara, hjúkrunarkonur, lækna og verksmiðjufólk, að greiða þessa reikninga ef bankarnir bregðast. Þetta fólk fékk engan hagnað frá bönkunum. Það er ekki skynsamlegt kerfi,“ segir.

Samningaviðræður íslenskra stjórnvalda við Hollendinga og Breta um Icesave-málið hafa gengið afar hægt síðan lögum um samning var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í byrjun mars, sem efnt var til í kjölfar þess að Ólafur Ragnar neitaði að undirrita þau lög. **- gb**

Tónlistarmaður undir stýri:

# Stöðvaður við fiðlusveiflur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði ökumann í nágrenni Reykjavíkur eftir að tilkynning barst um að ökumaður bifreiðar hefði sést spila á fiðlu undir stýri.

Fann lögreglan manninn skjótt og stöðvaði hann. Sagðist hann þó einungis hafa sveiflað fiðlunni með annarri hendi en ekki spilað á hana. Hin höndin hafði verið á stýrinu allan tímann. Fékk ökumaðurinn að halda fiðlunni en bifreiðin var gerð upptæk þar sem hún reyndist ótryggð. **- sv**






Starfsmenn á almennum vinnumarkaði fá hærri laun en hjá því opinbera:

# Allt að átján prósenta munur

**KJARAMÁL** Launabil hjá starfsmönnum almannaþjónustunnar og þeim á almenna vinnumarkaðnum í sambærilegum starfsgreinum er 18 prósent.

Félögin SFR og VR létu kanna laun fyrir starfsmenn félaganna og í ljós kom að þegar tekið hefur verið tillit til kyns, aldurs, starfsstéttar, starfsaldurs, vinnutíma, vaktaálags og menntunar er munurinn á heildarlaunum félagsmanna SFR og VR 18 prósent, en hann var 15 prósent í fyrra en tuttugu prósent árið 2008.



**MIKILL LAUNAMUNUR** Launakönnun SFR og VR sýnir að fólk á almennum vinnumarkaði þénar allt að 18 prósenta hærri laun en þeir sem eru á þeim opinbera.

Meðallaun hjá félögum í SFR eru um 325.035 krónur fyrir fullt starf en 422.027 krónur hjá félögum VR fyrir sambærilegt starf. Heildarlaun hjá VR hækkuðu að meðaltali um 4,6 prósent árið 2009 en einungis um 1,6 prósent hjá félögum SFR.

Einnig kemur fram í könnuninni að kynbundinn launamunur meðal félagsmanna SFR hefur minnkað milli ára, úr 11,8 prósentum í 9,9 prósent. Þó hækkuðu heildarlaun kvenna hlutfallslega minna heldur en heildarlaun karla árið 2009, eða um 0,5 prósent en hjá körlum um 3,8 prósent. Launakönnun SFR og VR er ein stærsta vinnumarkaðskönnun landsins og er framkvæmd af Capacent á meðal félagsmanna beggja félaganna. **- sv**




# Lögregla veitt fátt um sprengjumanninn

**Sprengjumaðurinn í Kaupmannahöfn er um fertugt og með evrópskt útlit og fullt af fölsuðum skilríkjum. Lítið annað er vitað um hann. Athygli beinist að sérsmíðuðum gervifæti, sem maðurinn hafði máð framleiðslunúmer af.**

**DANMÖRK** Danska lögreglan er í mestu vandræðum með að finna út rétt nafn og uppruna sprengjumannsins, sem handtekinn var á föstudag í Kaupmannahöfn.

Maðurinn særðist á salerni lítils hótels í Kaupmannahöfn þegar sprengja sprakk þar, að því er virðist fyrr en til var ætlast.

„Við vitum ekki hver hann er,“ hafa danskir fjölmiðlar eftir Svend Foldager hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn. „Hann gerði allt til að dylja nafn sitt og uppruna.“

Athyglin í gær beindist ekki síst að gervifæti mannsins, sem er augljóslega framleiddur í Vestur-Evrópu, sérsmíðaður og hefur kostað sitt.

Þótt maðurinn hafi máð út að hluta framleiðslunúmer á fætinum vonast lögreglan til þess að eftirgrennslan leiði í ljós hvar hann var smíðaður og fyrir hvern. Birtar hafa verið í fjölmiðlum myndir af fætinum og auglýst eftir ábendingum.

Fleiri myndir hafa verið birtar í fjölmiðlum í von um að upp um manninn komist. Þar á meðal eru myndir af dýrum verkfærum, sem fundust á hótelinu og líklega hafa verið keypt í Kaupmannahöfn.

Maðurinn hefur talað ensku við lögregluna, sem segir hann tala ensku vel.

Lögreglan segir hann í kringum fertugt, með evrópskt eða hugsanlega norður-afrískt útlit og hafði hann dvalið á hótelinu í nokkurn tíma áður en sprengjan sprakk.

Ekki hefur verið gefið upp hve illa hann er særður, en hann var fluttur á sjúkrahús eftir atburði föstudagsins.

Í fórum hans fundust fölsuð persónuskilríki á þremur tungumálum. Einnig fannst belgískt skírteini með nafni annars manns, sem danska lögreglan hefur reynt að hafa upp á.

Lögreglan telur að hann hafi verið einn að verki, en þó er óttast að fleiri hafi hugsanlega verið með í ráðum og þeir gætu sprengt sprengjur í Kaupmannahöfn hvenær sem er. Í gær voru gefnar út þrjár viðvaranir vegna sprengjuhættu á lestarstöðvum í Kaupmannahöfn. Hættuástandi var aflýst stuttu síðar á þeim öllum.

Lögreglan hefur ekki fundið önnur sprengiefni en þau, sem sprungu á hótelsalerninu á föstudag.

gudsteinn@frettabladid.is



**LÖGREGLUVAKT VIÐ SKRIFSTOFUR JÓTLANDSPÓSTSINS** Ekki hefur verið útilokað að maðurinn hafi ætlað að ráðast á skrifstofur danska dagblaðsins Jyllandsposten, sem haustið 2006 birti skopmyndir af Múhameð spámanni. NORDICPHOTOS/AFP

VEISLUSALUR
Rúbín

Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is

Málstofa á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós og viðskiptafræðideildar:

**Politics and Business Group Formation in China: The Party in Control?**

**HT-104 Þriðjudaginn 14. september kl. 15-16**

In spite of the significant development of the private sector in China, strategic sectors of the economy are still dominated by a number of large state-owned companies or business groups with global ambitions. As a result of institutional reform and corporate restructuring these business groups, especially within energy, have become so big, profitable, and well-connected that they are challenging the authority of the central government. Yet, increasingly business leaders are being appointed to leading government positions as ministers or provincial governors. What is the mechanism of this elite circulation? Will increasing rotation between leading positions in party, government, and business strengthen Party and government control of the corporate sector or will it strengthen big business' influence on decision-making processes and policy outcomes in the Chinese polity? The seminar addresses these questions based on in-depth studies of the Chinese nomenklatura system and argues that business groups are part of Chinese factional politics.


Kjeld Erik Brødsgaard er prófessor í kínverskum fræðum og forstöðumaður Asia Research Centre við Copenhagen Business School (CBS) í Kaupmannahöfn.

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Miklu hraðara Internet

Nú býður Síminn viðskiptavinum sínum upp á enn meiri hraða en áður á Internetinu.
Hraðinn í Grunnáskrift, Leið 1 og Leið 2 fer upp í allt að 12 Mb/s.
Núverandi viðskiptavinir fá sjálfvirka uppfærslu á næstu mánuðum.

Fáðu þér Internet Símans í síma 800 7000 eða á siminn.is.

Það er Síminn

Fólk hvatt til að fjarlægja allt sem ekki er naglfast



Þetta gerðist allt svo hratt



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikið starf er óunnið við að bæta stjórnsýslu, stjórnmál og lagaumhverfi á Íslandi.

## Verkefnalistinn

Þingmannanefndin sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis gerir tugi tillagna um breytt vinnubrögð á Alþingi, í ríkisstjórn og stjórnsýslunni. Nefndin vill sömuleiðis gera miklar breytingar á lagaumhverfi fjármálamarkaðarins, styrkja og bæta eftirlitsstofnanirnar og láta rannsaka betur ýmsa þætti tengda hruninu. Af umræðum á Alþingi í gær virtist sem samstaða gæti náðst um að rannsaka ekki aðeins lífeyrissjóði, sparisjóði og eftirlitsstofnanir, eins og nefndin leggur til, heldur jafnframt hvernig staðið var að einkavæðingu ríkisbankanna, en margt bendir til að þar liggi rætur bankahrunsins að einhverju leyti.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Á blaðsíðu sex í Fréttablaðinu í dag er birtur útdráttur úr tillögum og ályktunum þingmannanefndarinnar. Segja má að þetta sé listi verkefna, sem þarf að ráðast í til að koma Íslandi af stigi viðvaningsháttarins og hjáræðunnar, sem átti sinn stóra þátt í að við réðum ekki við það áfall sem hin alþjóðlega fjármálakreppa var og lentum því í miklu alvarlegra efnahagshruni en flest önnur ríki.

Listinn er býsna langur og sýnir að enn, tveimur árum eftir hrun, er gríðarlega mikið starf óunnið við að búa svo um hnútana að áfall á borð við bankahrunið geti ekki endurtekið sig. Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að koma efnahagslífinu aftur á lappirnar og aðstoða þá sem verst urðu úti þegar bankakerfið og krónan hrundi. En engar raunverulegar kerfisumbætur hafa átt sér stað.

Veikleikar íslenzkra stjórnmála og stjórnsýslu eru að sjálfsögðu ekki hin beina orsök bankahrunsins, en þeir komu ákaflega skýrt í ljós þegar kreppan reið yfir. Ef ekkert verður að gert, getur svo farið að við stöndum aftur í svipuðum sporum ef samfélagið verður fyrir öðru stóráfalli, sem getur orðið af einhverjum allt öðrum toga en fjármálakreppan. Þess vegna dugar ekki að einblína á fjármálamarkaðinn og regluverk hans; það þarf að fara rækilega ofan í saumana á því hvernig íslenzka stjórnkerfið virkar.

Verkefnalistann ættu Alþingi og ríkisstjórn að setja fram með skýrum og skilmerkilegum hætti og gera almenningi grein fyrir því með reglulegu millibili hvernig gengur að hrinda verkefnunum í framkvæmd; hvað er búið, hvað er í vinnslu og hvað er ógert. Listanum ætti sömuleiðis að fylgja býsna ýtarleg tímaáætlun um það í hvaða röð á að framkvæma verkefnin.

Það hrökk út úr forsætisráðherranum í samtölum við fréttamenn um síðustu helgi að þingmannanefndin hefði verið sett á laggirnar til að róa almenning. Nú stendur mikill styr um tillögur meirihluta nefndarinnar um að draga nokkra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm. Hugsanlega myndi það róa einhvern að sjá þessum einstaklingum refsað. Það ætti þó að róa miklu fleiri að sjá að verið sé að vinna markvisst og skipulega, í breiðri pólitískri sátt, að því að renna styrkari stoðum undir aga og stöðugleika í pólitík, stjórnsýslu og efnahagslífi á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

cisv iceland
building global friendship

**Einstakt sumarævintýri - kynningarfundur**

**CISV á Íslandi mun halda kynningarfund um starfsemi sína miðvikudaginn 15. september klukkan 20. Fundurinn verður haldinn að Brautarholti 6, 4 hæð.**

Félagið stendur fyrir alþjóðlegum sumarbúðum fyrir 11 ára börn og einnig er boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir unglinga frá 12 - 18 ára.

Á fundinum verður farið yfir ferðir sumarsins 2011, fjáraflanir og annað starf félagsins.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á **www.cisv.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tímabær ábending?

Umræða um bætt vinnubrögð á Alþingi og aukið sjálfstæði þingsins gagnvart stjórnsýslunni er nú í hámæli. Nefnd Atla Gíslasonar fjallaði ýtarlega um þetta í skýrslunni sem hún skilaði á laugardag. Margt bendir til að þetta sé þörf ábending, til dæmis eftirfarandi dæmisaga: Tveimur dögum áður en nefnd Atla skilaði af sér, lögðu þingmenn úr öllum flokkum fyrir Alþingi beiðni um að gerð yrði skýrsla um stöðu skuldara á Norðurlöndum. Þar yrði kannað hvort annars staðar á Norðurlöndunum væri til svona embætti umboðsmanns skuldara og hvað þau embætti séu þá að sýsla.

Var ekki rétti tíminn að afla upplýsinga af þessu tagi fyrir nokkrum vikum, áður en stjórnarfrumvarp um umboðsmann skuldara var samþykkt á Alþingi?



### Svar komið frá Strassborg

Eftir að meirihluti nefndar Atla Gíslasonar kynnti tillögur um að draga nokkra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm hafa virtir lögspekingar sagt hæpið að málaferli fyrir landsdómi samræmist nútímahugmyndum um mannréttindi. Þetta sögðu líka verjendur Eriks Ninn-Hansen, dansks ráðherra, sem var dæmdur fyrir aðild að Tamílamálinu svokallaða í dönskum landsdómi. Mannréttindadómstóllinn í Strassborg fjallaði um málið árið 1999. Svarið frá Strassborg var að það hefði ekki brotið gegn mannréttindum danska ráðherrans að vera dæmdur af þeim dómi sem er sögð helsta fyrirmynd íslenska landsdómsins.



peturg@frettabladid.is

HALLDÓR




## Verkefni kirkjunnar

Þjóðkirkjan
Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður



Málefni kirkjunnar eru mikið rædd sem von er. Ljóst er að æðsti maður hennar um tíma braut gegn þeim sem hann átti að verja og sýna trúnað og komst því miður upp með það í stað þess að svara fyrir gjörðir sínar. Kirkjan hefur brugðist við með því að skýra hvernig hún bregst við málum sem þessum. Fagna ég því að lærðir og leikmenn ætli að gera allt til að viðbrögð við glæpum sem þessum verði rétt. Ég trúi því að barátta þeirra sem brotið var á muni leiða af sér betri kirkju og betra samfélag.

Kirkjan byggir, eins og flestir aðrir söfnuðir eða félög, á fólkinu sem þar starfar, lærðum og leikmönnum. Fyrir þessa aðila eru atburðir sem þessir áfall og sorg þó með öðrum hætti en hjá fórnarlömbunum. Því er mikilvægt að þessi stóri hópur verði ekki dæmdur af atburðum sem þessum. Innan kirkjunnar starfar mikið af afar hæfu og góðu fólki sem tekið hefur þátt í að skapa gleðilegustu minningar margra eða verið huggun og styrkur í sorg. Þetta góða fólk, presta, starfsmenn eða almenna þegna kirkjunnar má ekki líta á sem sakamenn. Þetta er fólkið sem breyta mun starfsháttum kirkjunnar til lengri tíma.

Ég er í þjóðkirkjunni en sumir í minni fjölskyldu eru það ekki, t.d. konan mín. Synir mínir ráða því sjálfir hvort þeir láta ferma sig eða ekki og hefur enn einn kosið að gera það ekki. Ég ber jafn hlýjan hug til þeirra sem ekki eru í þjóðkirkjunni og þeirra sem þar eru. Á Sauðárkróki, þar sem ég ólst upp og fjölskyldan hefur lengstum búið, hafa prestar og starfsfólk kirkjunnar reynst íbúum afar vel og skipta miklu í samfélaginu og fyrir það er ég þakklátur. Of margir, þar á meðal stjórnmálamenn, virðast ætla að nýta þá varnarstöðu sem kirkjan er í til að veikja stöðu hennar enn frekar. Það er hvorki rétt né sanngjarnt að blanda saman þessum hræðilegu atburðum og stöðu kirkjunnar í stjórnarskrá eða fella dóma yfir öðrum starfsmönnum hennar. Innan kirkjunnar eru skiptar skoðanir um ýmis mál sem tekist er á um í ræðu og riti. Í raun er ekkert óeðlilegt við það, en ég tel rangt ef þessar hörmungar eru tengdar slíkum átökum.

Tugþúsundir Íslendinga eiga sínar bestu minningar í kringum athafnir tengdar kirkjunni og leita þangað eftir huggun í sorg. Það eigum við að virða um leið og við gerum kröfu um að kirkjan verðskuldi það traust sem við sýnum henni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Alþingi og almenningur

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Stelpan frá Stokkseyri segir landsdóm vera úrelta löggjöf, og hún talar enga tæpitungu: Alþingi er við það að gera reginmistök! Trúi því ekki að fólk geri sér grein fyrir hvað það er að gera. Hef viljað trúa því að ég búi í réttarríki, en það samrýmist ekki réttarríki að draga ráðherra fyrir landsdóm.“

Hér eru ekki tilgerðarlegar vangaveltur, hjarðhugsun eða getgátur, aðeins umbúðalausar staðreyndir og heilbrigð skynsemi. Hversu grandvarir og réttsýnir sem þingmenn telja sig vera, þá eru þeir bara venjulegar manneskjur þegar til stykkisins kemur. Manneskjur sem oftar en ekki tengjast samherjum með öðrum hætti en pólitískum andstæðingum. Manneskjur sem eru fjarri því að vera hlutlausar þegar kemur að málum sem varða menn og málefni í eigin flokki. Eðlilega. Hrekkjusvínið í næsta húsi er ekki sett á bekk með fjöruga stráknum í eigin ranni. Það þarf til dæmis hvorki skarpskyggni né pólitíska tortryggni til að sjá og heyra ósamræmið milli yfirlýsinga og athafna ríkisstjórnarinnar. Vandlætingin á vinavæðingu fyrri ríkisstjórna er hallærisleg með hliðsjón af vinnubrögðum þeirra sem nú sitja í stjórn.

Með allri virðingu fyrir alþingismönnum, þá eru þeir óhæfir til þess að dæma um sekt eða sakleysi samþingsmanna sinna, og beinlínis ósæmilegt að leggja það til.

**Traust almennings**

Ekki er ágreiningur um mikilvægi rannsóknarskýrslunnar góðu. Hryggjarstykkið í skýrslu þingmannanefndarinnar kann að vera fengur fyrir komandi tíma, og æskilegt að áherslan beinist að því sem snýr að stjórnsýslunni fremur en einstaklingum.

Þingmenn sækjast eftir virðingu og trausti almennings, en umræðurnar á Alþingi, sem allir geta fylgst með í sjónvarpinu heima hjá sér, vekja ekki alltaf slíkar kenndir. Viðhafnarrammi um starfsemi þingsins, sérstakar hefðir og orðfæri koma fyrir lítið þegar þessir fulltrúar fólksins sem hefur verið trúað fyrir velferð þjóðarinnar, standa í ræðustól, reigja sig til hægri og vinstri, eins og þeir séu í kappræðum í menntaskóla, að ekki sé talað um þegar þeir þjóna lund sinni í botn með eitruðum sendingum til samþingsmanna sem þeim er ekki að skapi.

> Ríkisstjórnin er hreint ekki aðgerðalaus en spurningin er hvort forgangsröðin er í samræmi við ástandið í landinu.

Þegar maður er unglingur og missir stjórn á skapi sínu af einhverjum ástæðum, finnst manni það gild ástæða, að maður var svo reiður. Sjálf komst ég ekki upp með þess háttar fyrirslátt heima hjá mér. Maður ætti að stjórna skapsmunum sínum, ekki stjórnast af þeim. Það væri útlátalaust að sýna stillingu og sjálfsstjórn þegar allt væri eins og maður vildi hafa það, en þegar það brygðist, ætti að nota skapstyrkinn til að halda ró sinni, því annars færi dómgreindin í frí. Það gekk náttúrlega upp og ofan eins og við var að búast á unglingsárunum, en skilaði sér síðar.

Einhverra hluta vegna virðast býsna margir þingmenn líta svo á að ræðustóll Alþingis sé fyrir einhvers konar vandlætingarútrás.Stundum minna þeir helst á karlinn á kassanum á Lækjartorgi forðum. Kannski þykir einhverjum það bara líflegt og spennandi að sjá fulltrúa þjóðarinnar vinda sér til hægri og vinstri í ræðustólnum og þruma yfir samþingsmönnum sínum með yfirlætislegu fasi, en ég er ekki frá því að fleiri kunni því betur að þeir sem stjórna landinu séu í bærilegu jafnvægi, bæði í ræðustól og annars staðar.

**Næstu skref**

Sumarið hefur verið gjöfult og gott, en hvernig skyldi veturinn verða?

Hvað gerist í stjórnmálum landsins á næstu misserum? Mikill tími hefur farið í að búa til og skipa hinar og þessar nefndir, breyta skipan ráðuneyta, skipta út ráðherrum.

Leggja niður eitt og búa til annað. Spara með því að svipta fámennar byggðir póstþjónustu og löggæslu, lækka laun, hækka skatta. Ríkisstjórnin er hreint ekki aðgerðalaus en spurningin er hvort forgangsröðin er í samræmi við ástandið í landinu. Hafa heimilin og efling atvinnulífsins forgang? Skilja sitjandi ráðherrar yfirleitt lögmál atvinnulífsins? Hvað sem því líður þá dylst engum að leiðtogar stjórnarflokkanna eru stoltir af eigin frammistöðu og stjórn landsins. Spurningin er hvort almenningur er á sömu skoðun.

# Skuldadagar í Helguvík

Skipulagsmál
Stefán Thors og Rut Kristinsdóttir
skipulagsstjóri og sviðsstjóri umhverfissviðs Skipulagsstofnunar





Sigmundur Einarsson jarðfræðingur skrifar grein í Fréttablaðið 10. september 2010 undir fyrirsögninni „Komið að skuldadögum í Helguvík“. Í greininni segir m.a.: „Af einhverjum ástæðum sá Skipulagsstofnun ekki ástæðu til að taka afstöðu til ofangreindrar umsagnar Orkustofnunar í áliti sínu um mat á umhverfisáhrifum Reykjanesvirkjunar.“

Sigmundur taldi að umsögn Orkustofnunar sýndi að hugmyndir HS Orku um stækkun Reykjanesvirkjunar hafi frá upphafi verið óraunsæjar.

Skipulagsstofnun vill vekja athygli á því að stofnunin tók í áliti sínu um mat á umhverfisáhrifum stækkunar Reykjanesvirkjunar í júlí 2009 undir margt af því sem fram kom í umsögn Orkustofnunar við frummatsskýrslu HS Orku, auk þess sem atriði úr umsögninni voru ítarlega reifuð. Hins vegar var það staðreynd sem stofnunin benti á í álitinu að í frummatsskýrslu kæmi fram augljós skoðanamunur milli jarðhitasérfræðinga HS Orku annars vegar og Orkustofnunar hins vegar. Skoðanamunur varð um veigamikla þætti er vörðuðu þau áhrif sem vinnsla hefði haft á jarðhitakerfið frá því að Reykjanesvirkjun var gangsett árið 2006 og frekari áhrif fyrirhugaðrar stækkunar virkjunarinnar. Að áliti Skipulagsstofunar var stofnuninni gert erfitt um vik að leggja mat á hver yrðu raunveruleg áhrif stækkunarinnar á jarðhitaauðlindina í ljósi þessa ágreinings og þeirrar miklu óvissu sem óhjákvæmilega væri til staðar um áhrif stækkunar Reykjanesvirkjunar á jarðhitakerfið. Stofnunin taldi því eðlilegt að frekari umfjöllun um áhrif stækkunarinnar á auðlindina þyrfti að fara fram við leyfisumsóknir HS Orku til Orkustofnunar og svo virðist sem að sú umfjöllun eigi sér nú stað í leyfisferli fyrirtækisins hjá Orkustofnun. Skipulagsstofnun vill jafnframt benda á að í álitinu fjallaði stofnunin um áhrif af þeirri vinnslustefnu sem viðgengist hefur frá því að Reykjanesvirkjun var gangsett, slík vinnsla væri ágeng en ekki sjálfbær og kynni að hafa í för með sér að draga yrði úr vinnslu eftir tiltekið tímabil. Þetta gæti haft í för með sér að mati Skipulagsstofnunar að þess yrði sífellt freistað að stækka vinnslusvæði til að auka við vinnsluna eða mæta dvínandi afköstum borhola svo raforkuframleiðsla gæti haldist óbreytt. Einnig taldi stofnunin að ágeng vinnsla væri til þess fallin að auka ásókn orkufyrirtækja inn á ný og oft ósnortin háhitasvæði.

Í grein sinni víkur Sigmundur einnig að því að Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti hafi hafnað kröfu um sameiginlegt mat fyrir framkvæmdir tengdar byggingu álvers í Helguvík. Kröfur um sameiginlegt mat álvers í Helguvík við tengdar framkvæmdir hafa oftar en einu sinni komið til kasta Skipulagsstofnunar. Lokaniðurstaða um slíkt mat birtist í úrskurði umhverfisráðherra í lok janúar 2010 þar sem ekki var fallist á þá kröfu að svokallaðar Suðvesturlínur yrðu metnar með tengdum framkvæmdum, m.a. þeim mögulegu virkjanakostum sem ættu að veita álveri í Helguvík orku. Þar var m.a. tekið undir þann rökstuðning sem áður hafði komið fram í ákvörðunum Skipulagsstofnunar 25. mars og 30. október 2009 sem byggði m.a. á ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, en skv. þeim taldi stofnunin að ekki væri hægt að líta svo á að framkvæmd gæti talist „fyrirhuguð“ í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fyrr en framkvæmdaraðili gæti lagt fram tillögu að matsáætlun. Því gæti orkuvinnsla á hugmyndastigi, sem þó væri tilgreind sem möguleg uppspretta orku fyrir álver í Helguvík ekki orðið hluti af sameiginlegu mati umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun bendir á að búið var að taka ákvarðanir um uppbyggingu orkufreks iðnaðar víða á Reykjanesi áður en fyllilega var ljóst hvaðan hann myndi fá orku og áform um ýmsa virkjanakosti komin mun skemur á veg en uppbygging iðnaðar og flutningskerfis fyrir raforku. Skipulagsstofnun telur að það hljóti að vera æskilegt við undirbúning ákvarðana um uppbyggingu orkufrekrar starfsemi að fyrir liggi upplýsingar og skýr heildarsýn og stefna um hvaðan slík starfsemi sæki orku, en með tilliti til þeirra skilyrða sem ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum setja, telur stofnunin ljóst að þau ákvæði nýtast ekki sem stjórntæki til að fá fram slíka sýn. Þar þyrfti að koma til skýr stefna stjórnvalda á landsvísu og sveitarfélaga varðandi nýtingu vatnsorku og jarðvarma og uppbyggingu orkufreks iðnaðar.







KENNARI NÁMSKEIÐSINS, SIGURÐUR JÓNSSON, LÆRÐI LJÓSMYNDUN Í SCHOOL OF VISUAL ARTS Í NEW YORK OG ÖÐLAÐIST MEISTARARÉTTINDI Í LJÓSMYNDUN ÁRIÐ 1989. HANN HEFUR HALDIÐ NÁMSKEIÐ Í STAFRÆNNI MYNDVINNSLU FYRIR LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS, LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, MARGMIÐLUNARSKÓLANN, IÐNSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG NÚ Í 5 ÁR HJÁ NTV.

**PHOTOSHOP EXPERT**

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

**FYRIR HVERJA?**

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

**INNTÖKUSKILYRÐI**

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

KENNSLUTILHÖGUN
Mánudaga og miðvikudaga 18-22.
Byrjar 4. okt. og lýkur 3. nóv.

ntv
NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

# Ráðherra í framúrkeyrslu

**Sjúkratryggingar**

**Benedikt Jóhannesson**
fv. formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands



Í Fréttablaðinu laugardaginn 11. september segir fyrrverandi heilbrigðisráðherra aðspurður um hvers vegna hann hafi skipt út allri stjórn Sjúkratrygginga Íslands: „Hinu er ekki að leyna að framúrkeyrsla Sjúkratrygginga er ólíðandi. Mér fannst ríkja ákveðin uppgjöf innan stjórnarinnar gagnvart því að halda sig innan ramma fjárlaga.“

Ljóst er að ráðherrann hefur ekki skilið hvernig útgjöld Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) verða til. Hef ég þó á mörgum fundum með ráðherranum reynt að skýra það, en er ljúft og skylt að gera það aftur. Rétt er að útgjöld SÍ stefna í það að fara fram úr fjárlögum. Meginástæður eru samningar sem samninganefnd heilbrigðisráðherra gerði árið 2008 við sérfræðilækna og ákvörðun á fjárlögum 2010 um að skera niður útgjöld til sérfræðikostnaðar um nærri þriðjung eða nálægt tvo milljarða króna. Engar tillögur komu frá ráðherranum um sparnað en tillögum SÍ þar um hafnað. SÍ hafa ekki aukið útgjöld á þessu sviði.

### Samningar við lækna

Allt frá því að SÍ tóku til starfa árið 2008 hafa samningar við lækna verið unnir í nánu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og ráðherra (HBR). Forræði á samningum var hjá heilbrigðisráðherra til 1. október 2008. Samningar við sérfræðilækna vorið 2008 voru gerðir með vilja og vitund ráðherra. Hann vissi að þeir samningar fælu í sér kostnaðaraukningu og hafði samráð við fjármálaráðherra um 777 milljóna viðbótarfjárveitingu vegna þess. Fjármálaráðherra samþykkti að styðja málið og fjárveiting var veitt árið 2008. Hún var hins vegar ekki veitt vegna ársins 2009.

Samningarnir voru þó enn í gildi. SÍ verða að uppfylla gerða samninga við allar stéttir. Sjúkratryggðir eiga líka rétt samkvæmt lögum. SÍ ákveður því ekki einhliða að borga ekki reikninga sem sendir eru í samræmi við gerða samninga.

Vorið 2009 var gert viðbótarsamkomulag við sérfræðilækna þar sem þeir féllu frá 9% hækkun á töxtum sem þeir áttu rétt á.

### Fjárlög 2010

Skv. tillögum til fjárlaga 2010 átti að spara 2 milljarða króna á læknakostnaði. Í því fólst um 30% niðurskurður á þessum lið. Á fundi formanns SÍ með ráðuneytisstjóra nálægt mánaðamótum sept.-okt. taldi ráðuneytisstjórinn þetta óraunhæft markmið.

Leiðir til sparnaðar ríkisins á sérfræðikostnaði eru þrjár:

1. Lækkun taxta með samningum við heilbrigðisstéttir
2. Aukin kostnaðarhlutdeild almennings
3. Takmörkun á aðgengi að þjónustunni eða með því að draga úr eftirspurn

SÍ sendi frá sér tillögur um aðgerðir í nóvember 2009. Þær fólu meðal annars í sér aukna hlutdeild almennings þannig að menn bæru stærstan hluta kostnaðar upp að ákveðnu marki, liðlega 20 þúsund krónum. Hlutdeild yrði ekki aukin þar yfir og því ekki snert alvarlega veikt fólk. Einnig voru hugmyndir um að draga úr dýrum rannsóknum og freista þess að lækka taxta með samningum við heilbrigðisstarfsmenn. Þessum tillögum var hafnað af ráðherra.

> Engar tillögur komu frá ráðherranum um sparnað en tillögum SÍ þar um hafnað.

Eftir áramót komu fram í starfshópi undir forystu ráðuneytisstjóra HBR fram svipaðar hugmyndir til sparnaðar. Breytingar á gjaldskrám hinna sjúkratryggðu, sem hefðu leitt til sparnaðar hjá SÍ upp á 650 til 850 milljónir króna. Þeim hugmyndum var einnig hafnað af ráðherranum.

Að ósk ráðherra var vorið 2010 ráðinn sérstakur trúnaðarmaður ráðherra til að stýra samningum SÍ við sérfræðilækna. Samningaviðræðum lauk án árangurs.

### Ráðherrann ber ábyrgðina

Sparnaður um 30% í einum af stærstu útgjaldaliðum sjúkratrygginga fæst ekki nema ráðherra samþykki þær aðgerðir sem gripið er til því að hann ber á þeim pólitíska ábyrgð. Þær tillögur komu ekki frá Alþingi og engar tillögur þar um komu frá ráðherranum þá mánuði sem hann sat í ráðuneytinu. Tillögum SÍ var hafnað. Það er létt verk ráðherra að segja nei, erfiðara að koma með ábyrgar tillögur.

Heilbrigðismál eru viðkvæmur málaflokkur og mikilvægt að ætíð sé góð samvinna og sátt milli stjórnvalda og heilbrigðisstarfsmanna. Á fundum með ráðuneytinu hefur ítrekað verið varað við þeirri hættu að íslenskir læknar leiti til útlanda þar sem þeim byðust betri kjör.

Því miður virðist svo sem þessi varnaðarorð séu nú komin fram, því að víða gengur illa að manna stöður lækna. Það kann að hafa villt um fyrir ráðherranum að Sjúkratryggingar í góðri samvinnu við ráðuneytið náðu allt frá vorinu 2009 miklum sparnaði í útgjöldum vegna lyfjakostnaðar með því að binda niðurgreiðslur við ódýrasta lyfið í hverjum lyfjaflokki. Því miður finnast engir samheitalæknar sem hægt er að leita til í því skyni að draga úr útgjöldum.

**AF NETINU**

## Ráðherrar sitji hjá

Þegar kemur að atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillögur um málshöfðanir gegn fv. ráðherrum, þá eiga bæði núverandi og fyrrverandi ráðherrar í röðum þingmanna að sitja hjá. Núverandi ráðherrar eiga að sitja hjá af virðingu við óbreytta þingmenn. Það er Alþingi sem er að taka afstöðu til ákæra og með því er Alþingi að sýna ríkisvaldinu sjálfstæði sitt, eins og Atli Gíslason formaður þingmannanefndarinnar hefur lýst yfir.

Fyrrverandi ráðherrar eiga að sitja hjá af því að þeir áttu aðild að þeim ríkisstjórnum sem mótuðu þá efnahagsstefnu sem hrundi. Það er ekki eðlilegt að þeir taki afstöðu til ákæru yfir samráðherrum sínum eða eftirmönnum eins og þeir hafi sjálfir hvergi verið nærri. Þetta á bæði við ráðherra síðustu ríkisstjórnar og þeirrar sem á undan sat.

blog.eyjan.is/fia

**Soffía Sigurðardóttir**

## Úrelt fyrirkomulag

Forsætisráðherra á helst að kjósa beinni kosningu. Hún eða hann velur ráðuneyti sitt, gjarnan fyrir kosningar. Þingmenn geta ekki jafnframt verið ráðherrar. Ráðuneyti eru þá skipuð fólki með fagþekkingu, gott orðspor og dómgreind; reynslumikið fólk af viðkomandi sviðum. Þetta er svipað því sem tíðkast í Frakklandi og Bandaríkjunum.

Samhliða þarf að breyta störfum þingsins og gera það mun öflugra og sjálfstæðara sem stefnumótandi vettvang pólitískrar rökræðu.

vthorsteinsson.blog.is

**Vilhjálmur Þorsteinsson**



Heilsuakademían í Egilshöll býður upp á ýmis námskeið sérsniðin fyrir börn og ungmenni. Má þar nefna sundskóla, herþjálfun, breakdans og lífsstílsnámskeið fyrir börn sem eru yfir kjörþyngd. Nánari upplýsingar á vefsíðunni heilsuakademian.is.

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp

*Fjölbreytt úrval*

Opið virka daga frá kl. 9 -18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum

Hornsófar Verð frá 227.900 kr

Sófaborð í úrvali verð frá 34.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

Dömur. Vandaðir götuskór úr leðri, skinnfóðraðir og með góðan sóla. Stöðugur hæll, 4 - 5 cm.

Teg: 7104005
Stærðir: 37 - 42
Litur: svart
Verð: 14.685.-

Teg: 2721
Stærðir: 36 - 42
Litur: svart
Verð: 14.685.

Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is




Vinirnir og bekkjarbræðurnir Tinni og Kolbeinn verja miklum tíma saman bæði í skólanum og utan hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Vinirnir Tinni og Kolbeinn hafa verið óaðskiljanlegir frá fyrstu kynnum.**

# Urðum strax góðir vinir

Mér fannst hann bara svo skemmtilegur að við ákváðum fljótlega að verða vinir," segir Tinni Teitsson, sjö ára, glaðhlakkalegur, um besta vin sinn og jafnaldra Kolbein Inga Jónsson.

Leiðir þeirra Tinna og Kolbeins lágu saman þegar Tinni byrjaði í sama bekk og Kolbeinn í Snælandsskóla í Kópavogi í haust. Sá fyrrnefndi var þá nýfluttur til landsins eftir nokkurra ára búsetu í Danmörku ásamt fjölskyldunni og Kolbeinn fékk það hlutverk að lóðsa þennan nýja nemanda um skólalóðina.

Síðan þá hafa vinirnir verið nánast óaðskiljanlegir, bæði innan og utan skólans og ekki skemmir fyrir að aðeins eru nokkur hús á milli heimila þeirra.

En hvað gera vinirnir helst saman? „Við erum nú bara að

;BÖRN | 2

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
STUÐNINGS STÖNGIN

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpartæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

• Falleg og nútímaleg hönnun
• Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
• Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

10 ÁR Á ÍSLANDI
www.vilji.is • Sími 856 3451

**Heimasíða Umferðarstofu**, www.umferdarstofa.is, hefur að geyma ýmis ráð er varða öryggi barna og ungmenna í umferðinni sem bæði börn og fullorðnir hafa gott af því að kynna sér.



Framhald af forsíðu

leika okkur saman, hjólum mikið og svona," svarar Kolbeinn án þess að hugsa sig um. Teitur samsinnir því og þvertekur fyrir að þeir séu inni í tölvuleikjum þegar blaðamaður spyr. Ekki nema kannski til að horfa á bíómyndir. „Við erum eiginlega meira fyrir svona alvörumyndir heldur en teiknimyndir, eins og til dæmis Harry Pottermyndirnar en ég hef séð þær allar," segir hann og bætir við að í fyrradag hafi þeir skellt sér á bílskúrssölu hinum megin við götuna þar sem þeir búa og gert góð kaup. „Við keyptum Lilo og Stitch eitt og tvö, Stuart litla, Fríðu og dýrið og eina í viðbót."

Vinirnir segjast líka lesa mikið og blaðamaður spyr þá hvort þeir kannist nokkuð við bækurnar um þá Tinna og vin hans Kolbein kaftein. „Já," segja þeir þá báðir í kór og Tinni segir ævintýri Tinna og hundsins Tobba vera í miklu uppáhaldi hjá sér. Kolbeinn segist hins vegar ekki eiga neina sérstaka uppáhaldsbók þótt hann lesi mikið og finnist Tinnabækurnar ágætar. En finnst þeim skrítið að þeir skuli heita sömu nöfnum og persónurnar sem eru að auki bestu vinir rétt eins og þeir sjálfir? „Mér finnst það mjög fyndið," viðurkennir Tinni og getur þess að þessi skemmtilega staðreynd hafi meðal annars orðið til þess að hann vildi kynnast Kolbeini betur.

En skyldu þeir eiga eitthvað sameiginlegt með þessum skemmtilegu og skrítnu persónum sem þeir heita eftir? Kolbeinn hugsar sig um. „Hmmm… Sko Tinni er eins og Tinni í bókunum með næstum appelsínugult hár, eða kannski bara ljóst skulum við segja. Svo er hann líka skemmtilegur." Tinna finnst hins vegar lítil líkindi með vini sínum og kafteininum úrilla. „Nei, hann er ekkert líkur honum heldur miklu líkari Ron besta vini Harry Potter." Að hvaða leyti? „Nú, þeir eru báðir rauðhærðir og svona."

Þegar Tinni skynjar áhuga blaðamanns á nöfnum þeirra félaga getur hann þess að litli bróðir sinn heiti líka sama nafni og önnur fræg sögupersóna. „Já, hann heitir Viggó alveg eins og Viggó viðutan," útskýrir hann og tekur fram að sá stutti fatti það þó ekkert sjálfur sökum ungs aldurs. „Hann er bara fimm vikna og annaðhvort alltaf sofandi eða borðandi og er ekkert að skilja þetta."

Af svip vinanna má þá ráða að nóg sé komið af spurningum, enda skóladagurinn á enda og vinirnir farnir að bíða þess óþreyjufullir að geta farið heim að leika. Spyrja þó spenntir að lokum hvenær viðtalið muni birtast og blaðamaður bendir þeim á að skoða vel blaðið í dag.

*roald@frettabladid.is*




Ekki finnst Tinna vinur hans, Kolbeinn, eiga mikið sameiginlegt með samnefndri sögupersónu úr Tinnabókunum. Kolbeinn er hins vegar ekki frá því að aðalsöguhetja bókanna og Tinni vinur sinn séu með svipaðan háralit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Dúnúlpa
st. 104-122
7.999 kr

Regnsett með flís
st. 80-130
6.999 kr

Bolur
st. 80-130
1.699 kr

Buxur
st. 86-128
4.999 kr

Íþróttagalli
st. 80-120
4.999 kr

Kuldagalli
st. 86-122
6.999 kr

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# Lestrarstund úr fortíðinni

**Margir eiga sínar eftirlætisbarnabækur sem þeir hafa þó ekki augum litið frá því þeir slitu barnsskónum. Fréttablaðið tók saman nokkra íslenska titla sem foreldrar gætu endurnýjað kynnin við með börnum sínum.**

Góðar barna- og unglingabækur eiga það til að gleymast séu þær ekki gefnar út aftur, enda þá yfirleitt bara hægt að nálgast þær á bókasafni og svo hjá fornbókasölum. Það er hins vegar vel þess virði að reyna að hafa uppi á eftirlætis gömlu bókinni sinni og gaman fyrir börn að heyra hvaða bækur heilluðu foreldrana í „gamla daga“.

Fyrstu lesendur bóka Guðrúnar Helgadóttur, Sitji guðs englar, Saman í hring og Sænginni yfir minni eru í dag orðnir fullorðnir og upplagt fyrir þá að kynna sögurnar fyrir ungviðinu. Bækurnar fjalla um sömu stórfjölskylduna og stóran barnahóp sem elst upp í Firðinum skömmu fyrir miðja síðustu öld. Bækurnar eru spennandi og bráðfyndnar og boðskapurinn er ekki síðri á okkar tímum; sá að engin fjölskylda er eins og ekki er gefið að allir hafi það jafngott. Bækurnar voru endurútgefnar árið 1999. Margir hugsa einnig með hlýhug til bókaflokka sem komu út um miðja síðustu öld þar sem kvenpersónur voru í aðalhlutverki. Þrátt fyrir að bækurnar séu börn síns tíma segir bókasafnsnotkunin sína sögu. Af þeim bókaflokkum má nefna Öddu-bækurnar eftir hjónin Jennu Jensdóttur og Hreiðar Stefánsson er segja frá munaðarlausri stelpu er kynnist daglegu lífi um miðja öldina. Þá voru Dóru- og Völubækur Ragnheiðar Jónsdóttur frá svipuðum tíma afar vinsælar sem og Toddu-bækur Margrétar Jónsdóttur.



Gaman getur verið fyrir foreldra að rifja upp hvaða bækur voru eftirlæti þeirra í æsku og kynna sögurnar fyrir eigin börnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Eitt mest lesna barnarit síðustu aldar má telja vera En hvað það var skrýtið eftir Pál J. Árdal.

Ekki má gleyma sögunum um Kára litla og hundinn hans Lappa eftir Stefán Júlíusson, en fyrsta bókin kom út árið 1938. Annar svipaður drengjahunda dúett, Emil og Skundi, eftir Guðmund Ólafsson sló í gegn nærri fimmtíu árum síðar, árið 1986. Emil og Skundi var fyrsta sagan sem hlaut íslensku barnabókaverðlaunin.

Margir ólust upp við kvæði Páls J. Árdals En hvað það var skrýtið, með myndum Halldórs Péturssonar sem kom fyrst út árið 1955 en bókin var lengi ófáanleg. Bókin var hins vegar endurútgefin árið 2007 og því upplagt að skoða skemmtilegar myndir og fara með kvæði fyrir börnin um leið.

Kristín Steinsdóttir og Iðunn Steinsdótir eiga margar skemmtilegar barnabækur að baki en séu einhverjar sérstaklega teknar fram sem eru komnar til ára sinna eru Knáir krakkar eftir Iðunni og Franskbrauð með sultu eftir Kristínu sérstaklega skemmtilegar. Nokkrum árum síðar kom út verðlaunabók Friðriks Erlingssonar um Benjamín dúfu og víst er að fyrstu lesendur hennar eru margir komnir með börn sem verðugt er að kynna fyrir ævintýrum Benjamíns.

*juliam@frettabladid.is*

# Einelti er ofbeldi

**Einelti er ofbeldi sem hefur margs konar birtingarmyndir.**

Einelti getur verið munnlegt ofbeldi eins og uppnefni, stríðni eða niðurlægjandi athugasemdir, félagslegt ofbeldi eins og að skilja útundan, efnislegt ofbeldi sem beinist að eigum fórnarlambsins, líkamlegt ofbeldi og andlegt ofbeldi sem birtist meðal annars þannig að fórnarlambið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu. Það getur líka birst sem endurteknar neikvæðar athugasemdir og hótanir, ýmist í daglegum samskiptum eða í gegnum Netið eða síma.

Á heimasíðu umboðsmanns barna er að finna ítarlegar upplýsingar um einelti, hver einkenni þolenda eru, upplýsingar um einelti með nýjum miðlum og leiðbeiningar um hvað sé til ráða. Einelti á sér oftar en ekki stað innan veggja skólans og því mikilvægt fyrir foreldra skólabarna að vera vel á verði og kynna sér birtingarmyndir þess. Sjá nánar á www.barn.is. *- ve*



Einelti getur birst á ólíkan hátt og er mikilvægt fyrir foreldra að kynna sér málið og vera vel á verði.






Nemendur skólans eru nú að búa sig undir árlega útikennsluviku sem fer fram uppi í Kjós. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Öðruvísi kennsluaðferðir

**Nemendur í grunnskólanum Sólstöfum búa sig nú undir árlega útikennsluviku sem fer alltaf fram á haustin uppi í Kjós. Meðal þess sem þykir einna mest spennandi er drekaleikurinn sem allir fara þá í.**

Í grunnskólanum Sólstöfum í Hraunbergi ríkir mikil eftirvænting þar sem lífsleiknivika skólans er fram undan. „Á haustin erum við alltaf með útikennslu í heila viku þar sem við förum upp í Kjós á morgnana. Þá kemur rúta og nær í allan skólann og við keyrum á land sem við höfum aðgang að. Þá eldum við allan mat og störfum úti. Hver bekkjardeild byggir sér eigið hús en annars vinnum við öll saman og síðan er í gangi sérstakur drekaleikur, sem þykir skemmtilegur," segir Helga Óskarsdóttir, kennari í grunnskólanum Sólstöfum. Hún bætir við að mikil tilhlökkun ríki hjá krökkunum eftir lífsleiknivikunni sem hefst eftir hálfan mánuð.

„Sólstafir eru í raun þrír skólar. Við rekum tvo leikskóla í miðbænum. Síðan er grunnskólinn okkar hér í Hraunbergi en við tölum oft um að við séum efst í Elliðaárdalnum. Hér erum við búin að vera í tólf ár. Þetta er sjálfstætt rekinn skóli og börnin frá 1. og upp í 10. bekk. Þetta eru börn sem hafa verið í leikskólunum okkar og að hluta hverfisbörn. En stærstur hlutinn kemur alls staðar að af Stór-Reykjavíkursvæðinu."

Í vetur eru 45 nemendur í skólanum en tveir árgangar eru í hverri bekkjardeild. „Það er auðvitað vegna smæðar skólans en svo er það líka mjög jákvætt þar sem þroskastig í bekknum verður breiðara og hvert og eitt barn getur fundið sig, hvort það vill fara hraðar eða hægar."



Helga segir að nemendurnir fái mikið að vinna með lifandi efni eins og nýjan við.

Helga segir skólann fylga hinni almennu grunnskólanámskrá. „Vissulega eru kennsluaðferðirnar aðeins öðruvísi. Ekki er þessi höfuðáhersla á bókalærdóm eingöngu heldur sinnum við handverki og reynum að flytja námsefnið á listrænan máta. Í yngri bekkjardeildunum erum við til dæmis með lítið af hefðbundnum námsbókum en hvert barn fær aðalkennslubók með auðum síðum og vinnur inn í hana. Þetta gera þau alveg upp í 10. bekk en vissulega fara að tínast inn námsbækur eftir því sem þau eldast."

Allir nemendur skólans vinna í handverki í sex kennslustundir á viku. „Sjötti og sjöundi bekkur er til dæmis að fara í koparsmíði í fjórar vikur. Börnin vinna mikið á listrænan máta og helst í lifandi efni. Þau fá að fara í jurtalitun og tóvinnu, spinna og kemba. Torfhleðsla hefur líka verið þema síðustu tvö ár. Við höldum í íslenskar hefðir og vinnum úr því sem við eigum í okkar nærumhverfi."

Helga segir yngri bekkjardeildirnar oft vera litlar en stækki eftir því sem krakkarnir verði eldri. „Þá eru börn að koma til okkar sem hafa ekki fundið sig í almenna skólakerfinu. Vissulega vildum við fá fleiri yngri börn en það er eins og hefðin fyrir sjálfstætt reknum skóla sé ný fyrir Íslendingum. Við erum dálítið föst í því að börnin eigi að ganga í hverfisskólann en svo hentar kerfið okkar sumum bara mikið betur."

Nánari upplýsinga má leita á waldorf.is. *emilia@frettabladid.is*

Þroskandi og falleg leikföng fyrir flotta krakka.
www.krumma.is

Gylfaflöt 7,112 Reykjavík
krumma@krumma.is
587-8700
www.krumma.is

Draumabörn er fjölsótt netsíða fyrir einstaklinga og pör sem eiga börn, eiga von á barni eða eru að reyna að eignast börn. Á síðunni eru greinar og reynslusögur ásamt líflegum spjallvef um allt sem við kemur börnum.



**Heimild: www. draumaborn.is**

**Blómabörn**
Verslun með notuð barnaföt
Sími 616 1412
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði

Á facebook: blómabörn barnafataverslun


*Full búð af nýjum vörum.*
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ

AFS
AFS á Íslandi

**OPIÐ HÚS**
**AFS-skiptinemasamtökin á Íslandi verða með opið hús í dag, þriðjudag, kl. 17-19, í húsakynnum samtakanna, Ingólfsstræti 3, Reykjavík. Allir, sem vilja forvitnast um skiptinemadvöl, sjálfboðaliðadvöl eða starfsemi okkar almennt, eru hvattir til að líta við og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða.**
AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www. afs.is • fjolskylda@afs.is

OKKAR BAKARÍ
**GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ**

*„Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur"*
**Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið**
**Batman, Barbie, Dóra, Hulk, Star Trek, Madagascar o.fl.**
**Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is** og á facebook.com/okkarbakari
Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070



Fjórar skólahljómsveitir eru starfræktar í Reykjavík en það eru Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, Skólahljómsveit Grafarvogs, Skólahljómsveit Austurbæjar og Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar.

**Heimild: Skólahljómsveitir.is**

# útivist og veiði

ÞRIÐJUDAGUR 14. SEPTEMBER 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Heilbrigð Útivist í 35 ár**

35 ára afmælishátíð Útivistar í Básum helgina 17.–19. september.

**Spennandi ferðir á haustdögum**

Hraðferð um Laugaveginn 16.–19. septmeber.
Grill og haustlitaferð í Bása 17.–19. september.
Vöð og vatnasull á jeppum 1.–3. október.
Kjötsúpuveisla í Dalakofanum 15.–17. október.
Vonarskarð, jeppaferð 8.–10. október.



**● FUGLAHUNDUM FJÖLGAR** Hundum sem notaðir eru við fuglaveiðar hefur fjölgað hér á landi á undanförnum árum. Þeir skiptast flestir í benda og sækja. Bendar hafa þann eiginleika að benda á fugl, t.d. rjúpu, en sækjum er eðlislægt að sækja og veiða bráð. Einnig eru til hundakyn sem hafa báða þessa eiginleika. Talsverð vinna er að halda veiðihund. Hann þarf mikla hreyfingu dags daglega og er nauðsynlegt að fara langa túra, í allt að þrjár klukkustundir einu sinni til tvisvar í viku. Fyrir langar og strangar veiðiferðir þarf hann sérstaka hlaupaþjálfun því hann fer yfirleitt mun lengri leiðir en veiðimaðurinn sjálfur.

Heimild/Skotvís 1.tbl.2010 og www.fuglahundadeild.is *- gun*



**Fuglahundar spara veiðimönnum sporin og hjálpa þeim verulega en þurfa líka mikla umhirðu.**

**● FYRSTA KVENNAMÓTIÐ Í SKOTFIMI**



Kvennamótið Ladies International Grand Prix verður haldið hér á landi dagana 17. til 18. október næstkomandi, en það er fyrsta alþjóðlega kvennamótið í skotfimi sem haldið hefur verið á Íslandi. „Um er að ræða vináttumót og er það haldið í 21. skipti," segir skotíþróttakonan Anný Björk Guðmundsdóttir. Alls munu tuttugu keppendur frá sjö löndum taka þátt en þar af eru 6 íslenskir og 14 erlendir. Meðal keppenda eru færustu konur heims í ólympískri leirdúfuskotfimi (skeet).

Mótið fer fram á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur. Keppt verður til úrslita í A og B flokkum síðari keppnisdaginn. Anný Björk, sem hefur keppt í mótinu ytra ásamt Inger Ericson, segist verða vör við aukningu í skotveiðiiðkun kvenna á Íslandi. „Það sést ef til vill best á því að þrjár konur tóku þátt í Íslandsmótinu í ár en þær hafa lengi vel látið sig vanta og yfirleitt ekki verið nema ein til tvær." *- ve*

**● BLESGÆSIN ER FRIÐUÐ** Blesgæsastofninn á undir högg að sækja og hafa gæsirnar verið friðaðar hérlendis frá 2006. Þær hafa viðkomu hér á haustin á leið sinni frá Grænlandi á hin skosku heiðalönd sem eru vinsæll vetrardvalarstaður blesgæsarinnar.



**Blesgæs er með hvíta rönd meðfram nefinu og þekkist þannig frá heiðagæsinni.**

„Blesgæsum hefur farið fækkandi af einhverjum ástæðum," segir Sigmar B. Hauksson, formaður félagsins Skotvís, og kveðst á þeirri skoðun að heiðagæs frá Kanada sé farin að þrengja að varpstöðvum hennar á Grænlandi.

Blesgæsin er ívið dekkri en heiðagæsin. Sigmar segir veiðimenn geta þekkt hana úr þar sem hún sitji á túnum, á hvítri rönd meðfram nefinu. Erfitt sé þó að greina á milli tegundanna á flugi. *- gun*






**„Góð nýting; bringa, læri, vængbein, fóarn, hjarta og lifur, tilbúið til að njóta," segir Gunnar Páll og breiðir úr kræsingunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Umgengni almennt góð

**Skortur á fræðslu og reynsluleysi eru helstu orsakir fyrir slæmri umgengni veiðimanna á fjöllum að mati formanns Skotveiðifélags Reykjavíkur. Hann segir þó slæma umgengni frekar heyra til undantekninga heldur en hitt.**

Umgengni veiðimanna um veiðisvæði verður oftar en ekki tilefni neikvæðrar umfjöllunar í fjölmiðlum. Að mati Friðriks Garðarsonar, formanns Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, er slæm umgengni veiðimanna þó óalgeng hérlendis. „Það er þá helst að þetta séu byrjendur, en komi slík dæmi upp er algengt að þau rati í fjölmiðla sem hættir til að blása þau upp," segir hann og vísar til nýlegs atviks við Hálslón þar sem veiðimenn voru gagnrýndir fyrir að skilja eftir illa útleikin hræ. „Þetta þótti sýna fram á vanvirðingu og sóun á mat meðan hvergi var minnst á að fjöldi annarra hefði farið um svæðið og gengið vel um það."

Undir þetta tekur Gunnar Páll Jónsson matvælafræðingur sem hefur gert rannsókn sem meðal annars lýtur að meðferð villibráðar. „Rannsóknin heitir Íslensk villibráð, nýting, öryggi og gæði og snýst almennt um nýtingu á villibráð og matvælaöryggi í tengslum við hana. Þar komst ég að þeirri niðurstöðu að kunnáttuleysi gætir hjá veiðimönnum, helst nýgræðingum, í meðferð villibráðar, sem veldur því að þeir nýta hana stundum illa.

Vankunnátta getur valdið því að menn fara af stað illa undirbúnir og ef menn vilja gera að fugli á veiðislóð þarf að huga að kælingu. Innmat skilja menn jafnvel eftir þar sem kunnáttu skortir um meðferð og matreiðslu," segir Gunnar og skrifar kunnáttuleysið helst á skort á fræðslu, sem hann segði hæglega hægt að bæta úr með útgáfu á sérstöku fræðsluefni. „Ég veit að Skotvís og fleiri hafa unnið að gerð fræðslumyndbands en Veiðikortasjóður hefur því miður verið tregur til að leggja starfinu lið en er í sama orði að setja út á kunnáttuleysi veiðimanna þegar fréttir af vankunnáttu eða slóðaskap birtast."

Hann segir ágætt að hafa siðareglur Skotveiðifélags Íslands ávallt til viðmiðunar ásamt því að fara eftir eftirfarandi reglum við verkun bráðar. „Mikilvægt er að gera að henni sem fyrst, sérstaklega öndum og gæsum en aðrar reglur gilda um rjúpur. Hefð er að hengja gæsir upp á hausnum en menn ættu að nýta sér kæligeymslu hafi þeir aðgang að henni þar sem hitinn er okkar helsti óvinur."

Hann segir misjafnt hversu lengi gæsir og buslendur séu látnar hanga, góð regla sé að láta bráðina hanga þar til geymsluhitastigið margfaldað með dagafjölda nær tölunni 40. „Svo er gert að fuglinum, hann reyttur eða hamflettur; innyflin, hjarta, lifur og fóarn eru hirt, sömuleiðis háls og læri sem eru skorin af við búk og eru prýðismatur og bringukjötið skorið frá beini," lýsir Gunnar og vísar á rannsókn sína á Netinu sem hefur að geyma leiðbeiningar um meðhöndlun villibráðar. *- rve*

# Fleiri kvenkyns veiðimenn

„Konur hafa verið að sækja í sig veðrið jafnt og þétt sem veiðimenn síðustu fimm árin og í fyrra var hlutfall kvenna á skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um níu prósent," segir Einar Guðmannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, sem heldur utan um námskeið sem sitja þarf til að fá skotvopna- og/eða veiðileyfi.

Metaðsókn var í byssu- og veiðileyfi í fyrra þegar um 1.200 skráðu sig á námskeiðin hjá Umhverfisstofnun en árið þar á undan höfðu þátttakendur verið um 800. Konur, sem þátt tóku í fyrra, voru því yfir eitt hundrað en þátttakan í ár stefnir í að verða svipuð og árið 2008, þegar rúmlega átta hundruð manns sóttu námskeiðin. Hlutfall kvenna á námskeiðunum virðist þó ætla að halda sér. „Konur náðu því að verða fimm prósent þeirra sem sitja námskeiðin árið 2004 og aukningin, fjögur prósent á fimm árum, er því góð."

Kvenkyns veiðimenn voru lengst af innan við tvö prósent á Íslandi, eða 1,7 prósent, að sögn Einars en með aukinni þátttöku á námskeiðunum síðustu árin eru þær nú um þrjú prósent íslenskra veiðimanna. „Eftir að þessi aukning varð í fyrra urðu miklar pælingar um af hverju hún stafaði. Það er erfitt að benda á einhverja eina skýringu, ástæðurnar eru margar og samhangandi. Líklega spilar þar þó inn í að við erum komin með mjög aðgengilegt skráningarkerfi á vefsíðu okkar, veidikort.is þar sem allar upplýsingar eru aðgengilegar." *- jma*



**Það þykir ekki lengur tíðindum sæta að konur stundi veiðimennsku og í fyrra var hlutfall kvenna á skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um níu prósent.**

**ALLT FYRIR GÆSAVEIÐINA!**

Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en haldið er til veiða.

www.ellingsen.is

# Byssur sem hitta í mark



**BETTINSOLI DIAMOND 12/70**

Ítölsk tvíhleypa með útdragi en einnig fáanleg með útkasti. Byssan er gerð fyrir 3" skot og er með skiptanlegum þrengingum. Bettinsoli Diamond hefur verið seld við góðan orðstír árum saman.

Verð **193.900** kr. **32.317** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**WINCHESTER SX3 3tom Field 28**

Hálfsjálfvirk haglabyssa með viðarskefti. Hröð og örugg skipting (0,48 sek. á 5 skot) með lága bilanatíðni. Lykill fyrir þrengingar, ólafesting og þrjár þrengingar fylgja, 1/4, 1/2 og 3/4.

Verð **239.900** kr. **39.983** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**REMINGTON 887 Nitro Mag SPS 3 1/2"**

Veðurþolin haglabyssa sem tekur upp í 3½" skotfæri. Hlaupið er húðað með ArmorLokt™ og sérstakur púði dregur úr bakslagi. Góð byssa fyrir byrjendur og þá sem veiða við erfiðar aðstæður.

Verð **99.990** kr. **16.665** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**REMINGTON 870 Express Synthetic**

Remington 870 Express pumpa með svörtu skefti. Sterk og örugg og gríðarlega mikið notuð um allan heim. Ein besta byrjendabyssan á markaðnum.

Verð **89.990** kr. **14.998** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**BAIKAL hálfsjálfvirk 12/76 26 3xMC**

Hálfsjálfvirk haglabyssa sem tekur 3" skot. Byssan er með svörtu „synthetic"-skefti og góðum slakara. Lykill fyrir þrengingar, ólafestingar og 3 þrengingar fylgja.

Verð **104.990** kr. **17.498** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**BAIKAL TVÍHLEYPA IZH 27 EM 1C**

Tvíhleypt haglabyssa yfir/undir, útkastarar, val á milli hlaupa, einn gikkur og lausar þrengingar. Lykill fyrir þrengingar, ólafesting og 3 þrengingar fylgja.

Verð **124.990** kr. **20.832** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**REMINGTON 770 riffill 243 WIN**

Þetta er einn ódýrasti pakkinn sem fáanlegur er til hreindýraveiða. Riffillinn kemur með Busnell 3-9x40 sjónauka sem kemur grófstilltur frá verksmiðju. Cal. 243 Win er ein vinsælasta hlaupvíddin á Íslandi til veiða á stærri dýrum og uppfyllir lágmarkskröfur til hreindýraveiða.

Verð **112.900** kr. **18.817** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**REMINGTON 700 SPS Varmit 308 Win**

Riffill sem hentar vel í markskotfimi og hreindýraveiðar. 700 Varmit riffillinn er með þungu 26" löngu hlaupi. Góður kostur fyrir veiðimenn sem vilja áreiðanlegan og jafnframt ódýran riffil.

Verð **176.900** kr. **29.483** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**REMINGTON 700 SPS 270 Win**

Áreiðanlegur riffill sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Ódýr og til í fjölmörgum útgáfum með mismunandi hlaupvíddum.

Verð **169.900** kr. **28.317** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**WINCHESTER WILDCAT cal. 22**

Léttur og nákvæmur boltalásriffill með 5 skota skotgeymi og fallegu harðviðarskefti. Framleiddur í TOZ verksmiðjunum í Rússlandi. Góður kostur fyrir byrjendur og lengra komna.

Verð **64.900** kr. **10.817** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**TIKKA T3 lite**

Riffill með blámuðu hlaupi og léttu skefti með góðu gripi og beint aftur, sem gerir minna bakslag. Tveggja þrepa öryggi sem læsir bolta og gikk. Fáanlegur í mörgum hlaupvíddum.

Verð **175.900** kr. **29.317** kr. léttgreiðslur í 6 mán.



**BROWNING X-BOLT Composite 270W**

Góður og nákvæmur riffill með mjög þéttum „feather trigger" gikk sem er stillanlegur frá 3 ibs. til 5 ibs. Dura-Touch® húðað skefti með góðu gripi. Ath. sjónauki fylgir ekki.

Verð **216.900** kr. **36.150** kr. léttgreiðslur í 6 mán.

**Reykjavík**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

**Akureyri**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

**Ellingsen**

*– fullt hús ævintýra*

**● SJÖ ANDATEGUNDIR Í SIGTI** Leyfilegt er að veiða sjö andategundir á Íslandi. Sú algengasta er stokkönd, en aðrar eru urtönd, rauðhöfðaönd, skúfönd, duggönd, toppönd og hávella. Þrjár þær fyrstnefndu eru gráendur en hinar eru kafendur. Þessar endur eiga veiðimenn að hafa lært að þekkja á námskeiðum sem þeir sækja til að öðlast skotleyfi og þeirri kunnáttu geta þeir auðveldlega haldið við með því að skoða myndir af öndum á Netinu og í bókum.

Veiðitímabilið hófst 1. september.



**● SKILYRÐI FYRIR ÚTGÁFU SKOTVOPNALEYFIS**

Til að fá skotvopnaleyfi verður umsækjandi að uppfylla nokkur skilyrði. Hann þarf í fyrsta lagi að vera orðinn 20 ára. Hann má ekki hafa verið sviptur sjálfræði og ekki hafa gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og vopnalaga.

Þá þarf umsækjandinn að hafa nægilega kunnáttu til að fara með skotvopn, vera andlega heilbrigður og að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Þeir sem sækja um skotvopnaleyfi skulu sækja námskeið og standast próf í meðferð og notkun skotvopna. Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar hefur umsjón með námskeiðum fyrir þá sem sækja um skotvopnaleyfi og veiðikort.






# Skotvís komið út

Nýtt eintak af fagtímaritinu Skotvís er komið út, hið fyrsta á þessu ári. Þar greinir dr. Arnór Þórir Sigfússon frá rannsóknum sínum á anda- og gæsavængjum sem hann hefur fengið hjá veiðimönnum frá 1993, að undanskildum tveimur árum. Eftir þeim greinir hann tegundir og aldur fuglanna en hlutfall unga í veiði gefur vísbendingu um hvernig varp tegundanna hefur gengið. Ungahlutfall er hæst hjá grágæs, um 42 prósent.

Elvar Árni Lund sjávarútvegsfræðingur fjallar um sjálfbærar skotveiðar og Ólafur Kr. Níelsen fuglafræðingur um ástand rjúpnastofnsins árið 2009. Nefna má einnig matreiðsluþáttinn Sósurnar með villibráðinni eftir meistarann Úlfar Finnbjörnsson. *-gun*



**● HÓFS GÆTT Í RJÚPNAVEIÐI** Skotveiðifélag Íslands biðlar til veiðimanna að gæta hófs í rjúpnaveiði. Ástæðan er sú að í fyrra veiddust í það minnsta tíu þúsund fleiri rjúpur en Náttúrufræðistofnun hafði ráðlagt. Í ár er ráðlögð veiði 75.000 rjúpur sem eru á að giska 14 rjúpur á hvern veiðimann miðað við um 5.500 rjúpnaveiðimenn.

Veiðidagar rjúpunnar í ár eru átján, frá 29. október til 5. desember. Veiðar eru hins vegar ekki leyfðar á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG
ÍSLENSK HÖNNUN
CINTAMANI, AUSTURHRAUNI 3, 210 GARÐABÆ, S. 533 3800 - CINTAMANI, KRINGLUNNI, S. 533 3003 - CINTAMANI.IS

**Ýmislegt** bendir til að andoxunarefni, svo sem E-vítamín, geti minnkað hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum. Andoxunarefni eru líka talin geta minnkað hrukkumyndun og dregið úr hættu á blóðtappa og æðakölkun. Þau er að finna meðal annars í eplum og jarðarberjum.



# Vefjagigtin á sér fáa vini

**Miðstöð vefjagigtar og skyldra sjúkdóma opnaði í vor en markmið hennar er að bjóða alla þjónustu við vefjagigtarsjúklinga á einum stað. Starfseminni var ýtt úr vör en vantar áframhaldandi fjárstuðning.**

Þraut, miðstöð vefjagigtar og skyldra sjúkdóma, var opnuð í vor með það að markmiði að stuðla að markvissri þjónustu fyrir fólk með vefjagigt. Að miðstöðinni standa þrír sérfræðingar sem allir hafa sérstaka þekkingu á sjúkdómnum og hafa unnið með hann lengi. Þau eru Arnór Víkingsson gigtarlæknir, Sigrún Baldursdóttir, sjúkraþjálfari og lýðheilsufræðingur, og Eggert Birgisson sálfræðingur. „Við höfum öll hvert í sínu lagi verið að vinna með fólk með vefjagigt en þar sem þetta er margslunginn og flókinn sjúkdómur sem þarf að meðhöndla á ýmsan veg þótti okkur skilvirkara að taka höndum saman,“ segir Sigrún.

Hjá Þraut eru vandamál fólks vandlega kortlögð og viðeigandi meðferðarúrræði fundin auk þess sem vonir standa til þess að hægt verði að bjóða upp á endurhæfingarúrræði. „Okkur var hins vegar einungis hleypt af stað með greiningarnar en höfum ekki komist á fjárlög hjá hinu opinbera til að geta haldið áfram og erum samningslaus eins og er,“ segir Sigrún. Þörfin er engu að síður mikil og eru eitthvað í kringum sjötíu manns að bíða eftir því að komast að. Sigrún segir vefjagigtina ekki eiga marga vini en að starfsmenn Þrautar vilji leggja sitt af mörkum til að afla þeirra. Hún segir marga vefjagigtarsjúklinga í skápnum enda hafi þeir mætt fordómum og þekkingarleysi.

„Vefjagigtin hefur þrjú höfuðeinkenni en þau eru útbreiddir verkir, svefntruflanir og óeðlileg þreyta, en fjöldi annarra einkenna er oft hluti af sjúkdómsmyndinni. Ekki er hægt að greina vefjagigt með hefðbundnum rannsóknaraðferðum læknisfræðinnar, en farið er eftir ákveðnum sjúkdómsskilmerkjum til að greina hana. Sýnt hefur verið fram á það með mænuástungu og stafrænni segulómun að einkenni vefjagigtar stafa flest vegna truflunar í starfsemi miðtaugakerfisins,“ segir Sigrún. Hún segir vefjagigtina dýran sjúkdóm og að fólk með vefjagigt leiti jafnan til fjölda aðila innan heilbrigðiskerfisins eftir aðstoð. „Átta af hverjum tíu vefjagigtarsjúklingum eru konur og ellefu prósent kvenna sem eru á 75 prósent örorku eru með vefjagigt. Þær fara margar snemma á örorku og því er örorkulífaldurinn langur. Sjúkdómurinn er ekki læknanlegur en sé gripið inn í á fyrri stigum er hægt að draga úr einkennum og auka starfsorku. Það er því þjóðþrifamál að styðja við þennan málaflokk,“ segir Sigrún.

Markmið Þrautar er að auka skilvirkni innan heilbrigðiskerfisins í mati og meðferð sjúklinga ásamt því að draga úr beinum og óbeinum heilbrigðiskostnaði. Þá sýna erlendar rannsóknir fram á að samræmd þjónusta dragi úr notkun sjúklinga á heilbrigðisþjónustu, minnki lyfjanotkun og auki þátttöku fólks í samfélaginu. „Það margborgar sig að hjálpa fólki að halda starfsgetunni sem lengst enda kostar hvert örorkuár margar milljónir. Sjúkdómurinn leggst hins vegar misþungt á fólk og fyrir þá sem eru verst haldnir skiptir miklu að auka lífsgæði.

Nánari upplýsingar á www.þraut.is og www.vefjagigt.is.

*vera@frettabladid.is*



Sigrún að störfum í húsnæði Þrautar og Sjúkraþjálfunar Styrks að Höfðabakka 9.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fræðandi og skemmtilegt starf

**Félögin Ljósið, Kraftur og SKB hafa tekið höndum saman.**

Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð, Kraftur – stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, SKB, gerðu á dögunum með sér samning um formlega samvinnu veturinn 2010-2011.

Félögin ætla að bjóða upp á sameiginlega vetrardagskrá fyrir fólk á aldrinum 18-29 ára sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess.

Hópurinn mun hittast aðra hverja viku á fimmtudagskvöldum í vetur frá 19.30 til 21.30 og var fyrsti fundur vetrar haldinn síðasta fimmtudag. „Þetta er tilvalið tækifæri til að hitta hresst og kátt fólk og eiga með því skemmtilega kvöldstund.

Það verður aðallega lagt upp úr því að hafa skemmtilegt og fræðandi félagsstarf, en hér hefur ekki verið unnið markvisst með þessum aldurshópi sem er í lyfjagjöf eða hefur lokið lyfjagjöf gegn krabbameini,“ segir Rafn Haraldur Rafnsson, nýráðinn umsjónarmaður.

Fundirnir eru haldnir í húsakynnum félaganna, hjá SKB að Hlíðarsmára 14, Ljósið er að Langholtsvegi 43 og Kraftur til húsa í Skógarhlíð 8.

*- jbá*



Frá undirritun samningsins.


Pantaðu þér tíma í vax alla leið og fáðu vax undir hendur og bikini vax frítt með.
Verð: 7.500 kr.
Tilboðið gildir í september 2010
DONG FANG SALON

20%
Afsláttur af málningarvörum
TEKNOS BIORA WOODEX
Woodex á Íslandi frá árinu 1977.
Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.
TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500

FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

LEIÐSÖGUNÁM
Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.
Helstu námsgreinar:
• Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
• Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
• Mannleg samskipti.
• Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.
Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.
Umsögn:
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.
Martha Jensdóttir kennari.
Ferðamálaskóli Íslands
Opið 8-22
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Tungumálanámskeið
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
Enska I - II
Enska III
Enska V
Enska tal og les
DANSKA
Danska I - II
NORSKA
Norska I – II
Norska framhald
SÆNSKA
Sænska I - II
Sænska framhald
FRANSKA
Franska I
Franska framhald
ÍTALSKA
Ítalska I
Ítalska II
Ítalska III
SPÆNSKA
Spænska I
Spænska II
Spænska III
Spænska tal og les
Námskeiðin eru 20 kennslustundir og standa í 10 vikur
Íslenska fyrir útlendinga I - IV
60 kennslustundir
Icelandic for foreigners I – IV
60 class hours
Kurs jezyka Islandzkiego dla obcokrajowcow I - IV
60 godzin lekcyjnych
Fjöldi annarra námskeiða eru í boði t.d. í matreiðslu, garðyrkju, prjóni, hekli, saumum, förðun og fleiri spennandi námskeið.
Innritun og upplýsingar:
http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI




TOYOTA YARIS TERRA. Árgerð 2006, ekinn 107 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.290.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

SUZUKI



Eigum flestar stærðir af Suzuki utanborðsmótorum á lager til afgreiðslu strax. Traustir, sparneytnir og hljóðlátir mótorar á góðu verði.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**




**Viltu selja fljótt og vel.....**
Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu ... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasölumiðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bíllinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbilar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - netbilar@netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




HONDA CR-V STW 4WD ADVANCE 147H.Ö. Árgerð 2000. Ekinn 198 þ.km Verð kr. 990.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

SUZUKI



Eigum nokkur hjól eftir á ótrúlega góðu verði, Intruder frá 1.790.000,- og RM-Z250 frá 950.000,-. Fullt af 2010 hjólum í salnum.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



INFINITI QX56 4X4 56. Árgerð 2006, ekinn 48 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.102082 Er á staðnum.

**Höfðabílar**
**Fosshháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**




Toyota LAND CRUISER 100 VX 35", árg.7/2006, ek. 137þús.km, sjálfsk, dísel, 35" breyttur, leður, rafmagn, Bakkmyndavél, Tölvukubbur, omfl, Mjög flottur bíll! Ásett verð 7990þús. kr, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Haustútsölur bílaframleiðenda. Keyptu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Einnig HYBRID sem eyða 40% minna eldsneyti. Eigum sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. Meira en milljón bílar á söluskrá. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com Sími 5522000

## 250-500 þús.



Opel Astra, skráður 11.1998. Ekinn 128 þús. Algjör sparibaukur í toppstandi. Nýskoðaður. Verð 390 þús. Uppl. 895-1098.

## Bílar óskast

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur



**Humbaur álkerrur**
Innanmál 205x131x35 cm.13" dekk. Farmþyngd 602 kg. Heildarþyngd 750 kg.Verð 222.184 kr.Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:517-7718.

## Hjólhýsi




**Sérhæfum okkur í sölu á Ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af ferðavögnum og bílum á skrá. 20 % afsláttur af sölulaunum í sept. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr. til 36 mán. Stórt útipláss.. ferdavagnamarkadur.is Höfðabakki 9, S: 445-3367

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar

Utanborðsmótor mercury 3.3hp lítið notaður til sölu uppl. í S:694 6054.

## Hjólbarðar




**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. ,96-'09. Laguna, Peugeot 306, 307, 406, 407, 607. Skoda Fabia, Mazda 626.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

## Viðgerðir

Þarftu að láta gera við tjaldvagninn, fellihýsið,hjólhýsið eða húsbílinn eftir sumarið? Við getum hugsanlega hjálpað. Hagverk bifreiðasmiðja Bæjarflöt 2 S: 587 4760.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar




Gluggahreinsun, klæðingarhreinsun. s. 663 0000

## Garðyrkja







**Trjáklippingar**
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

höfuðbók
Sími 517 0505 • www.hofudbok.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald



**Þakviðgerðir - 100% vatnsþétting**
Allir naglar, göt og samskeyti innsigluð með pace-gúmmíkvoðu. Margir litir í boði. Tilboð í s. 777 5697. Þakvernd ehf.

## Atvinna

# Rangárþing ytra
www.rangarthingytra.is

## Leikskólinn Heklukot
### Leikskólakennarar – Þroskaþjálfar

**Stöður deildarstjóra, leikskólakennara og þroskaþjálfa eru lausar til umsóknar á leikskólanum Heklukoti.**

Heklukot er þriggja deilda leikskóli með um 60 nemendur frá eins til fimm ára og er staðsettur á Hellu í Rangárþingi ytra sem er í um 100 km frá Reykjavík. Á Heklukoti vinnur metnaðarfullt starfsfólk og þar er góð aðstaða bæði fyrir nemendur og kennara til kennslu, náms og umönnunnar í fallegu héraði sem býður upp á marga möguleika.

Leitað er að fagmenntuðum jákvæðum kennurum, körlum eða konum með góða samskiptahæfni sem eru tilbúnir í áframhaldandi spennandi uppbyggingu á leikskólastarfi í fallegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Guðfinna Þorvaldsdóttir oddviti Rangárþings ytra á gudfinna@rang.is eða í síma 8696135 Umsóknir og meðmæli sendist til skrifstofu Rangárþings ytra Suðurlandsveg 1, 850 Hellu fyrir 20.sept.nk.

SELTJARNARNES

# Íþrótta- og tómstundafulltrúi!

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf íþrótta- og tómstundafulltrúa. Íþrótta- og tómstundafulltrúi er yfirmaður sundlaugar, íþróttamannvirkja, félagsmiðstöðvar og annara málefna er tengjast íþrótta- og tómstundamálum.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með rekstri mannvirkja er heyra undir þennan málaflokk
- Yfirumsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir er fjalla um tómstunda- og íþróttamál
- Samræmingarhlutverk innan verksviðs íþrótta- og tómstundamála
- Umsjón og eftirlit með gerð fjárhags- og starfsáætlana á því sviði sem heyra undir viðkomandi sem og kostnaðareftirlit
- Yfirumsjón með áætlanagerð verkefna sem heyra undir viðkomandi
- Sinna forvarnarstarfi í samvinnu við aðrar stofanir bæjarins
- Koma að eflingu hvers konar félagsstarfssemi í bæjarfélaginu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla og þekking á sviði íþrótta- og tómstundamála
- Reynsla af stefnumótun og samþættingarstarfi sem og af verkefnastjórnun
- Reynsla af gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga
- Hæfni til að miðla fólknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli
- Háskólapróf eða tilsvarandi menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun

Íþrótta- og tómstundafulltrúi er hluti af stjórnendateymi Seltjarnarnesbæjar sem m.a. ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og framundan eru. Starfsmenn á sviðinu eru u.þ.b. 20. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Um launakjör fer eftir ákvörðun fjárhags- og launanefndar um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar. Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, í síma 5959 100, netfang asgerdur@seltjarnarnes.is Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi eigi síðar en föstudaginn 24. september 2010. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Soriasis, exem, migreni, ristilvandamál, ofvirkni. - Lyfjalaus meðferð og ráðgjöf. - Augnlestur, nudd, Svæðanudd. Heilsulind Heiðars Lyngási 18 s. 8981501

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

gott, gott nudd. good massage.693 75 97

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

ANVAYA Nú er ekki lengur nóg að stunda eingöngu hreyfingu og hollt mataræði til þess að ná andlegu jafnvægi.Nú er í boði byrjendanámskeið í Anvaya 2-3okt. Anvaya er lífstefna sem stuðlar að jafnvægi hugans og rökhugsun.Á námskeiðinu er kennd hugleiðsla ásamt fræðslu. Skráning í s:6621343

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ fyrir samræmdu prófin í sept. Nemendaþjónustan sf. S. 557 9233.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Borðstofurborð & sex stólar sem nýtt. myndir & fl. á http://640.is eða 464 2200.

## Dýrahald

Stofnfundur sleðahundaklúbbs Íslands verður haldin á Malarhöfða 10 fimmtudaginn 16. sept. kl.20:00 allir hunda eigendur og áhugafólk um sleðahunda velkomin. Nánari upplýsingar á sledahundar.is

Schafer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Foreldrar myndaðir. Tilbúnir til afhendingar. s. 777 6969.

## Til leigu

**Skrifstofuherbergi til leigu**

Nokkur skrifstofuherbergi í stærðum **15-25 m²** til leigu. **Hagstætt verð**.
Suðurlandsbraut og við Ármúlann.
Upplýsingar í síma **899 3760**.

## Til sölu

**Til sölu hannyrðaverslun á höfuðborgarsvæðinu. Verslunin er í fullum rekstri með góða afkomu.**

Áhugasamir sendi póst með nafni, kennitölu og símanúmeri á box@frett.is merkt **„Hannyrðaverslun"** fyrir 20.sept. nk.

## Atvinna

DOMUSNOVA

Ert þú góður sölumaður eins og Hannes ?

Við viljum þig í lið með okkur, sendu tölvupóst á axel@domusnova.is eða hringdu bara í hann í síma 770-6666

* Það er alls ekkert heilagt fyrir okkur að þú heitir Hannes! Þú mátt alveg eins heita t.d. Jón eða Gunna

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2ja herb. reyklaus í Grafarvogi í fjórbýli. Langtímaleiga ef vill. S. 899 3011.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á smíðshöfða. Verð frá 25-30 þús. á mánuði. S. 857 7227.

**Við Stykkishólm!**
95 m2 nýtt heilsársh, fullbúið húsg. heitur pottur. Falleg staðsetning. S: 660-1060

ROOM F/RENT W/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði til sölu

Til sölu 150 fm raðhús í njarðvík. Áhv.14,5 frá íbúðalánasj.Öll skipti skoðuð.Uppl. S:893-2422/846-6678

## Fasteignir

11 þús fm byggingarlóð í Tjarnabyggð til sölu á yfirtöku á 4,9 m láni. Skoða lána skipti á bíl. Uppl. www.mustang@hive.is

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu gott iðnaðar/ lager- og skrifstofuhúsnæði við Tangarhöfða.**
**Iðnaðar/lagerhlutinn er 230fm. en skrifstofur á 2. hæð 250fm. Leigist saman eða sitt í hvoru lagi. Ekki vsk hús. Gott bílaplan-snyrtilegt hús.**
**Hafið samband við Ólaf hjá Atvinnueignum í síma 824-6703. Atvinnueignir-stærsta leigumiðlun landsins í atvinnuhúsnæði.**

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 8997012 email: solbakki.311@gmail.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Friis & Company**
**Óskar eftir að ráða hörkuduglega og ábyrga manneskju í verslun okkar í Kringlunni. Ekki yngri en 20 ára. Vinnutími 14:00-18:30 alla virka daga og annan hvern laugardag eða eftir nánara samkomulagi. Áhugasamir senda umsókn á kringlan@friis-co.dk eða diza@internet.is**

Italiano Pizzeria

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf, kv-öld og helgar. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

**Atvinna**
**Óska eftir íslenskumælandi starfsfólki kvöld og helgarvinnu. Æskilegur aldur 28+ Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Sandholt Laugavegi og Hverafold**
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. sem fyrst um helgar. Uppl. í s. 659 3439 Lísa.

**Vélavörður**
Óska eftir vélaverði á Guðrúnu Guðleifsdóttur IS 25 línuveiðar uppl. 894-5125

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar





Kæru vinir, við erum flutt í Yogastöðina Heilsubót, Gummi og Talya. S: 691 8565. Verið velkomin.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Það er ódýrara að versla í Bónus



ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR
LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010

ÍSLANDS LAMB

**798 KR./KG.**



698 KR.800g

BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g




698 KR.kg

KS. FROSNIR SALTFISKBITAR /*STYRTLUSTYKKI*




579 KR.kg

*NORÐANFISKUR* STEIKTAR FISKBOLLUR




898 KR.kg

*NORÐANFISKUR* FROSNIR ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR



129 KR.KG

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU **GULLAUGA OG RAUÐAR**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GRACE KELLY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1982.**

*„Frelsi kvenna hefur svipt þær allri dulúð, en náttúrulegt hlutverk þeirra er að vera máttarstólpi fjölskyldunnar.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 14. SEPTEMBER 1950

## Brotlending vélar á Vatnajökli



Sextíu ár eru í dag frá því að farþegaflugvélin Geysir brotlenti á Bárðarbungu á Vatnajökli. Hún var á leið frá Lúxemborg til Reykjavíkur með vörur og 18 schäfer-hunda sem áttu að fara til Bandaríkjanna. Farþegar voru engir um borð en sex manna áhöfnin lifði öll af.

Geysi hafði borið langt af leið enda var veður slæmt, hvassviðri og snjókoma. Án þess að flugstjórnarmenn hefðu hugmynd um að þeir væru í hættu staddir rak vélin skyndilega annan vænginn í jökulinn, steyptist á hvolf og rann þannig nokkurn spöl. Fremsti hlutinn brotnaði af en engan sakaði lífshættulega. Annar flugmaðurinn hlaut þó slæmt höfuðhögg og flugfreyjan meiddist í baki. Fólkið hreiðraði um sig í aftasta hluta vélarinnar og skýldi sér með vefnaðarvöru sem var í farangrinum. Fjórum dögum síðar tókst því að senda út neyðarkall. Í framhaldi af því fór leitarleiðangur af stað frá Akureyri og komst að vélinni 20. september.

**Heimild: Ísland í aldanna rás.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kolbrún Daníelsdóttir**

frá Saurbæ í Eyjafirði

sem lést fimmtudaginn 9. september verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 17. september kl. 13.00.

**Gunnhildur Sigurðardóttir** — **Pétur Kornelíusson**
**Bragi Sigurðsson** — **Sigríður E. Bjarnadóttir**
**Þórður Sigurðsson** — **Edda Björnsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**



†

*Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Ívar Örn Guðmundsson,**

Marbakkabraut 14, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 12. september. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 17. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð um Ívar sem ætlaður er til stuðnings sambýlisfólki hans á Marbakka, til skemmtiferða í anda Ívars.
Sjóðurinn er í Byr nr. 1135-05-762843, kt. 410498-2519.

**Guðmundur Gíslason**
**Nína Björnsdóttir**
**Gunnar Freyr Guðmundsson** — **Helma Rut Einarsdóttir**
**Björn Óli Guðmundsson** — **Ingibjörg Ösp Sigurjónsdóttir**
**Hildur Inga Rós Raffnsøe** — **Jakob Rós Raffnsøe**
**María Nína Gunnarsdóttir**
**Aron Atli Gunnarsson**
**Sigurjón Elmar Björnsson**
**Jörundur Elí Björnsson.**



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Leifur Pétursson,**

áður Hofi, Sólvallagötu 25, nú Minni Grund, Hringbraut 50, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 12. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. september kl. 13.00.

**Ólafía Einarsdóttir** — **Ingólfur Kristjánsson**
**María Huld Ingólfsdóttir**
**Einar Þór Ingólfsson** — **Eva Dögg Guðmundsdóttir**
**Ingólfur Örn Ingólfsson**
**Bjarni Már Ingólfsson**
**Rakel Barðdal Halldórsdóttir**
**og barnabarnabörn**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Sigrún Ástrós Sigurðardóttir**

sníða- og kjólameistari

sem lést mánudaginn 6. september að Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 15. september kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Jóna Þorleifsdóttir**
**Erna Bryndís Halldórsdóttir**
**Sigrún Pálína Sigurpálsdóttir.**



†

*Eiginkona mín,*

**Jóna G. Skúladóttir**

Gyðufelli 12,

lést þann 10. september síðastliðinn á Tenerife.
Jarðarförin auglýst síðar.

**F.h. ættingja,**
**Tómas Tómasson.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún L. Kristjánsdóttir,**

Skála, Seltjarnarnesi,

sem lést að Hrafnistu Reykjavík, föstudaginn 3. september, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 17. september kl. 13.00.

**Unnur V. Duck**
**Elísabet Stefánsdóttir** — **Kristján Jóhannsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** — **Guðmundur Þorkelsson**
**Anna Stefánsdóttir** — **Reynir Hólm Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

**Valdimar Bæringsson**

málarameistari

er látinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 20. september kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Bryndís Jóhannsdóttir**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Maríu Magnúsdóttur Ammendrup**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Garðabæ og Heimahlynningar Landspítalans fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Páll Ammendrup** — **Anna Kristmundsdóttir**
**María J. Ammendrup** — **Ólafur Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**FORMAÐURINN** „Sjúkraþjálfun snýst um mannleg samskipti og tekur á fleiri þáttum en líkamlegum meiðslum og vandamálum.“
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

### FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFARA: ER SJÖTUGT Á ÁRINU

# Snertingin losar um málbeinið

Átta konur komu saman árið 1940 og stofnuðu Félag íslenskra sjúkraþjálfara. Aukin þörf var fyrir stéttina vegna lömunarveikifaraldra sem gengu yfir þjóðina 1935, 1948 og 1955. Nú eru starfandi um 500 sjúkraþjálfarar í landinu og þörf fyrir fleiri að sögn formanns félagsins, Héðins Jónssonar. Fyrir utan endurhæfingu eftir slys og önnur áföll á lífsstíllinn þar sína sök.

„Ef einhver hefur verk í hné og maður beygir sig niður til að skoða það en rekur sig í bumbuna á leiðinni þá er það ekki bara hnéð sem er vandamál. Það verður að horfa á manneskjuna í heild og lesa úr hreyfimynstrum og færni fólks. Í því felst styrkur sjúkraþjálfunar,“ segir Héðinn Jónsson, formaður félagsins. Hann segir lífsstílssjúkdóma æ stærra viðfangsefni stéttarinnar og telur fjölgun offitusjúklinga einkenni þess að eitthvað sé að í samfélaginu. „Flest kerfi líkamans snúast um hreyfingu,“ segir hann. „Hreyfing eykur styrk í beinum, heldur blóðrásinni gangandi og vöðvunum virkum auk þess að hafa góð áhrif á andlega heilsu.“

Verkefnin sem félagið hefur efnt til á afmælisárinu eru til þess fallin að auka hreyfingu. Það nýjasta nefnist Að brúka bekki og gengur út á að koma upp gönguleiðum með bekkjum með 200-300 metra millibili. Þar hafa Akureyringar tekið forystu. Annað verkefni stendur yfir á Akranesi. Það nefnist Hreyfistrætó og býður börnum að ganga í skólann í fylgd með foreldrum sem skiptast á að vera strætóstjórar. Þriðja verkefnið er fræðslumyndbandið Í jafnvægi sem byggir á nýrri aðferð sem reynst hefur árangursrík fyrir aldraða.

Héðinn segir íslenska sjúkraþjálfara standa framarlega í faginu og þakkar það meðal annars góðri kennslu í greininni við Háskóla Íslands eftir að hún komst á árið 1976. Einnig sæki þeir sér aukna þekkingu bæði í Evrópu og vestan hafs. „Þar með ná þeir í stefnur og strauma víða að og eru fljótir að tileinka sér nýjungar,“ segir hann. Sem dæmi um orðspor Íslendinga á þessu sviði nefnir hann að Sigrún Knútsdóttir, yfirsjúkraþjálfari á Grensás, hafi orðið fyrst sjúkraþjálfara í Evrópu til að hljóta viðurkenningu Evrópudeildar heimssambands sjúkraþjálfara fyrir störf sín. „Það er gífurlegur heiður, bæði fyrir hana og Ísland,“ bendir hann á.

Sjúkraþjálfun er krefjandi starf eins og öll vinna sem snýst um að sinna fólki og oft tengjast sjúkraþjálfarar skjólstæðingum sínum sterkum böndum að sögn Héðins, enda hitti þeir þá oft vikulega um langan tíma. Til dæmis geti endurhæfing eftir slys tekið mörg ár. „Það er sagt að snertingin losi um margt, ekki bara sinar og taugar,“ segir hann. „Það losnar um málbeinið líka á bekknum, þannig að sjúkraþjálfun snýst um mannleg samskipti og tekur á fleiri þáttum en líkamlegum meiðslum og vandamálum.“ **- þlg, gun**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## GARÐVÖRUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 1346- 1795- GARÐSETT | 743- 990- HANDÚÐARI | 368- 490- HANDÚÐARI |
| 746- 995- GREINAKLIPPUR | 2621- 3495- GARÐSL... | |
| 2243- 2990- GARÐÚÐARI | 9719- 12.959- LAUFSUGA - BLÁSARI | 12.712- 16.949- SLÁTTUVÉL |
| 8243- 10.990- HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR | 5246- 6995- SLÁTTUORF 500W | 2621- 3495- SLÁTTUORF 200W |

# RÝMINGARSALA Á GARÐVÖRUM 25% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16








# Að missa ekki spýjuna

**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Til langs tíma var mestur fréttaflutningur frá Íslandi á þá leið að himinn og haf myndu farast ef ríkisstjórnin brygðist ekki við aðsteðjandi vanda með stórtækum aðgerðum.

**ÞETTA** voru vandamál eins og Icesavedeilan, gengislánin, gjaldeyrishöftin, atvinnuástandið, þá sérstaklega á Suðurnesjum, og uppræting spillingarinnar svo eitthvað sé nú nefnt. Alltaf urðu þó aðgerðirnar mun minni en vandinn gaf tilefni til. Hinu verður þó að halda til haga, svo ríkisstjórnin njóti nú sannmælis, að himinn og haf mætast enn við sjóndeildarhringinn og virðist ekkert lát ætla að verða á því í bráð.

**EINA KVÖLDSTUND** var ég samt að spá í það hvernig stæði á því að ríkisstjórnin hegðaði sér svona í slíku ástandi. Ég horfði til himins og spurði alheiminn, að hætti Paulo Coelho, hvers vegna hún brygðist ekki almennilega við og alheimurinn lét ekki á svarinu standa.

**MORGUNINN** eftir vaknaði ég með flensu, var einnig illa flökurt og töluvert þyrstur. Þá vaknaði sú spurning hvort ég ætti að fara fram og gera eitthvað í mínum málum. Ég svaraði því neitandi. Í fyrsta lagi vegna þess að ég hefði getað misst spýjuna á óheppilegum stað en þegar það gerist horfir konan á mig líkt og ég sé við dauðans dyr. „Ertu svona lasinn, greyið mitt,“ segir hún þá með vorkunnarsvip svo ástand mitt versnar og skömmin eykst. Í annan stað eru allar veikindasögur mun svæsnari og dramatískari ef uppköst fylgja með og ég vildi ekki vekja slíka úlfúð. Í þriðja lagi erum við nýflutt í blokk í borginni Priego de Córdoba á Suður-Spáni þar sem hvísl heyrist íbúða á milli. Priegobúar eru ekki vel að sér í Egilssögu Skallagrímssonar svo að uppköst vekja með þeim óhug frekar en aðdáun. Heyrðu þeir spýjulætin gætu þeir dregið þá ályktun að ég væri dópisti og slíkt orðspor er vonlaust veganesti í ný nágrannakynni.

**Í STAÐ** þess að bregðast við eins og Megas forðum og segja „afsakið meðan ég æli“ ákvað ég því að liggja í fletinu og varna því að mér versnaði og dramatíkin tæki yfirhöndina. Það voru mistök enda er ég með hræðilega bakþanka.

**ÉG ÖÐLAÐIST** þó þennan morgun djúpan skilning á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Maðurinn með ljáinn

Tónleikar/ ★★★★

**Sinfóníutónleikar í Háskólabíói**

**Einleikari:** Víkingur Heiðar Ólafsson
**Stjórnandi:** Ivan Volkov.

Djöfullinn kom á tónleika Sinfóníunnar á föstudagskvöldið. Og maðurinn með ljáinn.

Á dagskránni voru Dauðadans og Djöflavals eftir Liszt, hugleiðingar eftir Rakmaninoff um mann sem sagður var hafa gert samning við djöfulinn, og fleira góðgæti. Einleikari var píanistinn Víkingur Heiðar Ólafsson. Hann var klæddur í stíl við tónlistina, í svörtum fötum með rautt hálstau. Sakleysisleg hárgreiðslan var þó í undarlegri mótsögn við fatastílinn. Manni datt í hug fermingardrengur sem hefur lent á villigötum og liggur yfir bókum um svartagaldur.

En Víkingur var ekki á neinum villigötum við píanóið. Dauðadansinn, Totentanz eftir Liszt, lék í höndum hans. Miðaldastemningin í músíkinni var sterk og grípandi, innhverfir hlutar verksins myrkir og hraðir kaflar þrungnir sprengikrafti. Án efa var þetta með því flottasta sem ég hef heyrt frá Víkingi.

Rakmaninoff kom ekki alveg eins vel út. Tónlistin er röð tilbrigða um stef eftir Paganini, fiðlusnillinginn sem var svo flinkur að mönnum þótti það yfirnáttúrulegt. Vissulega var djöfullegur kraftur í leik Víkings, og hann spilaði líka af nákvæmni. Það vantaði bara frásögnina í túlkunina. Uppbyggingin var ekki nægilega markviss. Útkoman var fremur flöt; það gerðist ekki margt í tónlistinni. Maður hafði stundum á tilfinningunni að Víkingur væri að flýta sér.



**Á ÆFINGU** Dauðadans Liszts er með því flottasta sem tónlistarrýnir hefur heyrt frá Víkingi Heiðari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ramminn utan um píanóeinleikinn var hljómsveitarverk. Fyrst var hinn líflegi Rúmenski konsert eftir György Ligeti, sem lést fyrir nokkrum árum. Konsertinn byggir á þjóðlögum og var sérlega skemmtilegur í meðförum hljómsveitarstjórans, Ilans Volkov. Sinfónían spilaði einstaklega vel, hver hljóðfærahópur var með sitt á hreinu. Konsertmeistarinn Sigrún Eðvaldsdóttir átti nokkur glæsileg sóló. Útkoman var hreint út sagt rafmögnuð.

Minna er hægt að segja um ómerkilega hljómsveitarútgáfu á Djöfla-, eða Mefistóvalsinum eftir Liszt, sem á eftir kom. Hann hefði sómt sér ágætlega á Vínartónleikum. En Eldfuglinn eftir Stravinskíj, lokaverk tónleikanna, var frábær! Þetta er upphaflega ballettónlist, en hér voru leiknir úr henni sex samhangandi kaflar. Volkov hélt utan um alla þræði af gríðarlegri festu og öryggi, skapaði ævintýraheim ótal lita og blæbrigða. Stígandin var svo vel útfærð að maður gersamlega gleymdi sér við að hlusta.

Volkov er flottur stjórnandi, helst mátti finna að dálítið litlausum meðleik í einleiksverkinu eftir Liszt. Bragðmikil túlkun píanóleikarans fékk ekki mikinn stuðning frá hljómsveitinni. Sem betur fer var Víkingur þar í svo miklum ham að það héldu honum engin bönd.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Í það heila flottir tónleikar, Víkingur Heiðar spilaði Liszt af stakri glæsimennsku, en Rakmaninoff var aðeins síðri. Stjórnandinn Ilan Volkov átti víða frábæra spretti.









# Ljúka tónleikaferð á Íslandi

Gítarleikarinn Sigurður Rögnvaldsson, sem er búsettur í Svíþjóð, heldur tvenna tónleika hér á landi annað kvöld og fimmtudagskvöld með hljómsveitinni Defekt. Tónleikarnir verða þeir síðustu í tónleikaferð sveitarinnar um Norðurlönd til að fylgja eftir plötunni Pete's Game Machine. Tónlistinni má lýsa sem djassi með áhrifum frá rokki, poppi og brimbrettatónlist.

„Tónleikaferðinni hefur verið tekið mjög vel og það hefur verið frábær stemning á tónleikunum," segir Sigurður, en alls verða tónleikarnir þrettán talsins. Með honum í Defekt, sem var stofnuð í Gautaborg 2008, eru tveir Finnar og einn Norðmaður. Allir búa þeir í hver í sínu landinu. „Við ákveðum vinnutímabilin með löngum fyrirvara og tökum þá kannski viku til að æfa. Það gerist mjög mikið á þessum tíma þegar við hittumst."

Fyrri tónleikarnir verða á Rósenberg á miðvikudag en hinir seinni verða á Græna hattinum á Akureyri á fimmtudag. Báðir tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.500 krónur. Nánari upplýsingar um hljómsveitina má finna á síðunum Defektmusic.com og Myspace.com/defektmusic. - fb



**DEFEKT** Hljómsveitin Defekt heldur tvenna tónleika hér á landi í vikunni.

# Gaga með átta MTV-verðlaun

**MTV-myndbandaverðlaunin voru afhent um helgina í Los Angeles. Lady Gaga hirti flest verðlaun allra.**

Söngkonan Lady Gaga var sigurvegari MTV-myndbandaverðlaunanna með átta verðlaun, þar á meðal fyrir besta myndband ársins. Sjö verðlaunanna hlaut hún fyrir myndbandið við lagið Bad Romance.

„Ég hafði miklar áhyggjur af því að ég myndi valda aðdáendum mínum vonbrigðum í kvöld," sagði Gaga, klædd kjól sem virtist vera úr kjöti. „Í kvöld, litlu skrímsli, erum við svölu krakkarnir í partíinu." Með árangri sínum jafnaði hin 24 ára Gaga metið yfir næstflest MTV-verðlaun á einu kvöldi. Metið á Peter Gabriel sem hlaut tíu verðlaun árið 1987, þar af níu fyrir tímamótamyndbandið við lagið Sledgehammer.

Rapparinn Eminem hóf kvöldið með því að syngja lögin Not Afraid og Love the Way You Lie. Síðar um kvöldið fékk hann tvenn verðlaun fyrir myndbandið við fyrrnefnda lagið.

Sveitasöngkonan Taylor Swift flutti lagið Innocent þar sem hún virtist fyrirgefa rapparanum Kanye West fyrir að hafa eyðilagt þakkarræðu hennar á síðasta ári. Það vildi rapparinn meina að vinkona sín, Beyoncé, ætti frekar skilið verðlaunin fyrir besta kvenmyndbandið við lagið Single Ladies.

Á meðal annarra listamanna sem hlutu MTV-verðlaun var rokksveitin Muse, Florence and the Machine, 30 Seconds To Mars, Jay-Z og Alicia Keys og The Black Keys.

freyr@frettabladid.is



**LADY GAGA** Gaga með eina verðlaunastyttunna af þeim átta sem hún hlaut á MTV-myndbandahátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY


BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN

SVEPPI ER KOMINN AFTUR!

ALGJÖR SVEPPI OG DULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ 3D

FYRSTA ÍSLENSKA 3D MYNDIN FRÁBÆR SKEMMTUN

ROBERT PATTINSON EMILIE DE RAVIN CHRIS COOPER LENA OLIN AND PIERCE BROSNAN — Remember Me ★★★ ROGER EBERT ★★★ EMPIRE

THE GHOST WRITER

AULINN ÉG

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl.6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 8 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:10 | 16 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| SCOTT PILGRIM VS THE WORLD | kl. 10:10 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| STEP UP-3D | kl. 10:20 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!

MILLA JOVOVICH — RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D — 16 — LÚXUS

ÞEGAR BESTU LÖGGURNAR ERU UPPTEKNAR... ÞÁ ERU ÞEIR OKKAR EINA VON... WILL FERRELL MARK WAHLBERG THE OTHER GUYS 650 kr. 12

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON AULINN ÉG (DESPICABLE ME) ★★★★ H.H. - MBL 3D 650 kr. Gildir ekki í 3D L

SCOTT PILGRIM 650 kr. ★★★ Ó.H.T. - Rás 2 ★★★★½ T.V. - Kvikmyndir.is 12 FRÁ LEIKSTJÓRA HOT FUZZ OG SHAUN OF THE DEAD KEMUR EIN FYNDNASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS

STALLONE 16 ★★★★ -Þ.P., FBL ★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is 650 kr. THE EXPENDABLES

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10.10 | 16 |
| SALT | kl. 10.30 | 14 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6.15 | L |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 6 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSÝNING Á STÆRSTA DIGITAL TJALDI LANDSINS KL. 10.00 — 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér — RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON AULINN ÉG (DESPICABLE ME) 3D ★★★★ H.H. -MBL 650 KR. Í 2D 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér

TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

THE OTHER GUYS 650 KR.

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 4 | 8 og 10(POWER) | 16 |
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |



Teiknisamkeppni BARNA

Í tilefni af Vísindavöku 2010 efnir Rannís til teiknisamkeppni barna 6-9 ára og 10-12 ára. Efni myndanna skal vera „Ef ég væri vísindamaður..." Myndum skal skila í síðasta lagi 20. september merktar höfundi, aldri, símanúmeri og nafni forráðamanns til Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Verðlaun verða veitt á Vísindavöku 24. september 2010. Nánari upplýsingar á...

...www.rannis.is/visindavaka

Allir með!

Vísinda Vaka Opið hús! Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

FORLAGIÐ

PEOPLE

rannís Laugavegi 13, 101 Reykjavík sími 515 5800, rannis@rannis.is www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI



## *NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐI*

| Whirlpool frysti-kistur | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körfur | Skil-rúm | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orkufl. | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐS VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG610MB | 103 | 85 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | 7,5 kg | B | Kr. 69.995 | **Kr. 59.995** |
| AFG6142B | 138 | 88,5 | 57 | 67 | 1 | Nei | Nei | 11 kg | B | Kr. 79.995 | **Kr. 69.995** |
| AFG6222B | 212 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 14 kg | B | Kr. 84.995 | **Kr. 74.995** |
| WH2010A | 204 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 15 kg | A+ | Kr. 89.995 | **Kr. 79.995** |
| AFG6262B | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | 18 kg | B | Kr. 89.995 | **Kr. 84.995** |
| AFG6323B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 1 | Nei | Nei | 24 kg | B | Kr. 99.995 | **Kr. 94.995** |
| AFG6492B | 400 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | 25 kg | B | Kr. 119.995 | **Kr. 109.995** |
| AFG6592B | 503 | 88,5 | 163 | 66 | 5 | Já | Já | 30 kg | B | Kr. 129.995 | **Kr. 119.995** |

## ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR

*FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ*

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# sport

sport@frettabladid.is



**5** **SÖLVI GEIR OTTSEN** verður í kvöld fimmti Íslendingurinn sem spilar í Meistaradeild Evrópu ef hann kemur við sögu í leik FC Kaupmannahöfn gegn Rubin Kasan frá Rússlandi. Hinir eru Árni Gautur Arason, Eiður Smári Guðjohnsen, Helgi Sigurðsson og Eyjólfur Sverrisson.



**KRISTJÁN** Er aftur á leið til Íslands eftir dvöl í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kristján rekinn frá HB:

## Öðruvísi en ég hef vanist

**FÓTBOLTI** Kristjáni Guðmundssyni var í gær sagt upp störfum hjá knattspyrnuliði HB frá Þórshöfn í Færeyjum. Liðið á titil að verja þar í landi en er nú í 2. sæti deildarinnar. Hann var ráðinn til félagsins í nóvember í fyrra.

„Formaður og einn stjórnarmanna félagsins birtust heima hjá mér eftir hádegi í dag [í gær] og tilkynntu mér þetta,“ sagði Kristján við Fréttablaðið. „Ég er ekki sammála þessu. Gengið hefur að vísu verið misjafnt en liðið á enn mjög góðan möguleika á titlinum.“

HB gekk vel í Evrópudeildinni og vann til að mynda Red Bull Salzburg frá Austurríki á heimavelli, 1-0. „Það er langt síðan færeyskt lið vann sigur í Evrópukeppni. Ég er því ekki að kaupa þessar útskýringar.“

Hann segir að dvölin í Færeyjum hafi verið lærdómsrík en nú snúi hann aftur heim. „Þetta er talsvert mikið öðruvísi en ég hef vanist. Aðstæður eru til dæmis verri og hugsunarháttur annar. Ég tel að ég hafi ekki fengið nægan tíma til að aðlagast nýju umhverfi eða leikmönnunum sjálfum.“ **- esá**



**RÚNAR KRISTINSSON** Þjálfari KR fagnar í leik liðsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR mögulega refsað:

## Ummæli KR fyrir aganefnd

**FÓTBOLTI Ummæli sem birtust í frétt á heimasíðu KR í síðustu viku verða tekin fyrir á fundi aganefndar KSÍ í dag. Þetta kom fram á vefsíðunni Fótbolti.net í gær.**

***Í fréttinni var því lýst yfir að* KR treysti ekki Erlendi Eiríkssyni dómara. Hann dæmdi leik ÍBV og KR um helgina sem síðarnefnda liðið vann, 4-2.**

**Erlendur dæmdi einnig bikarúrslitaleik FH og KR og voru KR-ingar ósáttir við störf hans í þeim leik. - esá**

Umspil í EM U-21 landsliða:

## Spilað á Laugardalsvelli

**FÓTBOLTI** U-21 landslið Íslands mætir Skotlandi á Laugardalsvelli 7. október næstkomandi. Liðin mætast fjórum dögum síðar í Skotlandi en sigurvegari viðureignanna kemst í úrslitakeppni Evrópumóts U-21 landsliða í Danmörku á næsta sumri.

A-landslið Íslands mætir Portúgal á Laugardalsvelli 12. október. **- esá**

# Vildum ekki gefa þeim aftur jafntefli

**Almarr Ormarsson og félagar í Fram eru í stuði en þeir unnu í gær 2-1 sigur á Keflavík. Hann finnur sig vel á Laugardalsvellinum því hann fylgdi eftir þrennu á móti Selfossi með því að skora sigurmarkið í gær.**

**FÓTBOLTI** Framarar unnu 2-1 sigur á Keflavík í lokaleik 19. umferðar Pepsi-deildar karla á Laugardalsvellinum í gær. Framarar voru sterkari aðilinn og sköpuðu sér mun fleiri færi í leiknum einkum í fyrri hálfleiknum þegar Ívar Björnsson var óheppinn að skora ekki. Þeir þurftu hins vegar þolinmæði til að ná inn sigurmarkinu á móti þéttu Keflavíkurliði en það gerði Almarr Ormarsson á laglegan hátt þrettán mínútum fyrir leikslok.

„Þetta er mjög sætt. Þetta er svolítið að detta inn fyrir mig núna og ég er mjög ánægður með það,“ sagði Almarr Ormarsson, hetja Framara. „Sigurmarkið var mjög sætt. Ég fékk smá pláss og hitti hann ágætlega. Sennilega hjálpaði bleytan mér töluvert eins og í fyrra markinu okkar en maður verður að nýta sér aðstæður,“ sagði Almarr kátur.

Halldór Hermann Jónsson hafði komið Keflavík í 1-0 með laglegu skoti fyrir utan teig sem spýttist á grasinu og í markið.

Framliðið hafði undirtökin í leiknum og skapaði sér heilmikið í fyrri hálfleiknum. Keflvíkingar náðu hins vegar að jafna leikinn í lok hálfleiksins þegar Jón Guðni Fjóluson varð fyrir því áfalli að skora sjálfsmark.

„Auðvitað vorum við klaufar að hleypa þeim aftur inn í leikinn eftir að við komumst yfir og þetta var svona svipað eins og í fyrri leiknum á móti þeim. Þá áttum við að klára þá en í dag héldum við sem betur fer áfram og kláruðum dæmið. Við ætluðum ekki að gefa þeim eitthvað jafntefli aftur,“ sagði Almarr.

Framliðið virtist vera að gefa eftir í júlí og ágúst þegar liðið tapaði fimm af sex leikjum sínum en hefur nú snúið við blaðinu og sigurinn í gær var sá þriðji í röð.



**FRAMARAR FAGNA** Halldór Hermann Jónsson skoraði fyrra mark Fram í leiknum í gær. Hér fagna Framarar marki hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ágúst var lélegur mánuður og eiginlega júlí líka. Sem betur fer er þetta að koma hjá okkur í lokin. Við erum að reyna að safna stigum því ef liðin fyrir ofan okkur klikka þá gætum við kannski skriðið upp fyrir þau. Það er draumurinn en annars verðum við bara að klára okkar leiki,“ sagði Almarr bjartsýnn en Fram er fimm stigum á eftir KR þegar þrjár umferðir eru eftir.

„Við stefnum á að verða ekki neðar en í fimmta sætinu en vonandi komust við hærra. Ef hin liðin halda áfram að safna stigum þá verðum við bara að sætta okkur við fimmta sætið. Það er ágætt miðað við það hvernig miðjan á mótinu var hjá okkur,“ sagði Almarr sem er sjálfur sjóðheitur upp við markið þessa dagana. Hann skoraði 3 mörk í fyrstu 16 leikjum en hefur nú skorað fjögur í síðustu þremur.

„Það hjálpar manni alltaf að skora því þá lyftist kassinn aðeins. Þetta gekk ekki alveg nógu vel í fyrri hluta mótsins en ég ákvað bara að halda áfram og reyna að troða honum inn oftar og það er sem betur fer að ganga núna,“ sagði Almarr sem átti fínan leik með Fram í gær.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, þurfti að horfa upp á enn eitt tap sinna manna en þetta var það fjórða í síðustu fimm leikjum og sigrarnir eru aðeins tveir í fjórtán leikjum síðan í maí.

„Það var óþarfi að tapa þessum leik. Mér fannst við vera undir á miðsvæðinu í fyrri hálfleik en spiluðum ágætlega og færðum boltann í gegnum liðið. Við þurftum að vera skarpari í baráttunni. Þeir eru baráttuglaðir og vinnusamir inni á miðjunni sérstaklega. Mér fannst við laga það í seinni hálfleik og við spiluðum fínan leik en þá gerum við barnaleg mistök. Við afhendum þeim boltann þegar lá ekkert á og því fór sem fór. Þessi leikur gat dottið hvorum megin sem var,“ sagði Willum sem var búinn að setja stefnuna á fimmta sætið.

„Við ætluðum að hoppa upp um þrjú sæti í þessum tveimur leikjum sem við eigum á þremur dögum en við verðum bara að anda með nefinu og mæta almennilega á móti Val sem er á hörkusiglingu,“ sagði Willum Þór að lokum.

**ooj@frettabladid.is**

**FRAM 2-1 KEFLAVÍK**

*1-0 Halldór Hermann Jónsson (36.)*
*1-1 Jón Guðni Fjóluson, sjálfsm. (44.)*
*2-1 Almarr Ormarsson (77.)*

Laugardalsvöllur, áhorf.: Óuppgefið.
Dómari: Þóroddur Hjaltalín (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–10 (11–7) |
| Varin skot | Hannes 4 – Ómar 8 |
| Horn | 6–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–8 |
| Rangstöður | 3–1 |

**Fram 4–4–2** Hannes Þór Halldórsson 6 – Daði Guðmundsson 6, Kristján Hauksson 7, Jón Guðni Fjóluson 7, Sam Tillen 6 – Halldór H. Jónsson 7, Jón G. Eysteinsson 6, Tómas Leifsson 6 (89. Jón Orri Ólafsson -), ***Almarr Ormarsson 7**, Joe Tillen 4 (73. Hlynur Magnússon -) – Ívar Björnsson 6.

**Keflavík 4–3–3** Ómar Jóhannsson 6 – Guðjón Árni Antoníusson 6, Haraldur Freyr Guðm. 5, Alen Sutej 5, Brynjar Guðm. 3 (83. Arnór Traustason -), – Hólmar Örn Rúnarsson 6, Andri Steinn Birgisson 5 (83. Bojan Ljubicic -), Magnús Sv. Þorsteinsson 3, Guðmundur Steinarsson 4, Hörður Sveinsson 3, Haukur Ingi Guðnason 5 (70. Magnús Þórir Matt. 3)

Eiður Smári Guðjohnsen var á bekknum er Stoke vann 2-1 sigur á Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni:

# Pulis kom í hálfleik og Stoke sigraði

**FÓTBOLTI** Stoke fékk í gær sín fyrstu stig á tímabilinu í ensku úrvalsdeildinni er liðið vann 2-1 dramatískan sigur á Aston Villa á heimavelli. Fyrir leikinn hafði Stoke tapað fyrstu þremur leikjum sínum en það var varnarmaðurinn Robert Huth sem tryggði liðinu sigurinn með marki í lok uppbótartímans.

Eiður Smári Guðjohnsen var í fyrsta sinn í leikmannahópi Stoke síðan hann gekk í raðir félagsins í lok síðasta mánaðar. Hann var á varamannabekknum í gær og kom ekki við sögu í leiknum.

Fyrir leikinn var greint frá því að Tony Pulis myndi ekki stýra liðinu í leiknum þar sem móðir hans lést fyrr um daginn.

„Hann var ekki ánægður í hálfleik og varð fyrir miklum vonbrigðum með það sem hann sá,“ sagði Matthew Ethrington, leikmaður Stoke, eftir leikinn. „Hann hélt að það myndi reynast honum ofviða að vera með okkur í þessum leik en eftir fyrri hálfleikinn og miðað við hvernig við spiluðum þá ákvað hann að mæta á hliðarlínuna.“

Gestirnir frá Birmingham voru mun betri í fyrri hálfleik og komust yfir með skallamarki Stewarts Downing. Stoke var þó heppið að vera ekki meira undir í hálfleik.

Eftir því sem leið á síðari hálfleikinn sóttu heimamenn í sig veðrið og jöfnuðu metin með öðru skallamarki leiksins, í þetta sinn frá Kenwyne Jones sem um leið skoraði sitt fyrsta mark fyrir félagið. Hann hélt upp á það með heljarstökki.



**LÉTTIR** Stoke fékk sín fyrstu stig á tímabilinu í gær. Robert Huth var hetja Stoke. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Það er langt síðan ég tók heljarstökkið síðast. En ég fékk nokkur færi í kvöld og náði að klára markið eftir frábæra sendingu frá Matty [Ethrington].“

Annar nýliði í leikmannahópi Stoke, Jermaine Pennant, kom inn á sem varamaður í leiknum og fiskaði ódýra aukaspyrnu í uppbótartímanum. Mark Huth kom í kjölfar hennar, aftur eftir sendingu Ethrington.

Stylian Petrov, sem var dæmdur brotlegur eftir viðskiptin við Pennant, fékk að líta gula spjaldið eftir leik fyrir kröftug mótmæli við áðurnefndri aukaspyrnu. **- esá**



**WAYNE ROONEY** Brosmildur á æfingu Manchester United í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum:

# Rooney verður í sviðsljósinu

**FÓTBOLTI** Meistaradeild Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum í riðlakeppninni. Manchester United mætir skoska liðinu Glasgow Rangers í stórleik kvöldsins og er víst að augu umheimsins munu beinast að Wayne Rooney sem hefur átt í miklum vandræðum í einkalífi sínu undanfarna daga.

Fyrir stuttu var greint frá því að Rooney hefði sofið hjá vændiskonum á meðan unnusta hans var ólétt. Alex Ferguson, stjóri United, gaf honum frí í leik gegn Everton um helgina til að hlífa honum við óblíðum móttökum áhorfenda.

Í gær greindu bresku blöðin frá því að Rooney hefði grátbeðið Ferguson um að fá að spila gegn Rangers. „Ég sé ekki eftir neinu,“ sagði Ferguson í gær. „Ég gerði það rétta í stöðunni. Og ég hef engar áhyggjur af því að hann spili á morgun [í kvöld]. Hann skoraði fyrir enska landsliðið í síðustu viku og það gaf honum aukið sjálfstraust.“

Evrópumeistararnir í Inter hefja titilvörn sína í kvöld með því að spila við FC Twente í Hollandi. Rafa Benitez tók við stjórn liðsins af Jose Mourinho og segir að liðið verði að sýna stöðugleika til að verja titilinn.

„Ekkert tímabil er eins en í fyrra lenti þetta lið í vandræðum í riðlakeppninni. Við erum meðvitaðir um það og við viljum byrja vel að þessu sinni,“ sagði Benitez. „Það fæst ekkert gefins í Meistaradeildinni – það þarf að berjast í öllum leikjum og hugsa um aðeins einn leik í einu.“

Tottenham hefur einnig leik í kvöld á erfiðum útivelli, gegn Werder Bremen í Þýskalandi. Spánarmeistarar Barcelona mæta Panathinaikos á heimavelli. - esá



**FERNANDEZ** Hér á fullu í leik með franska landsliðinu á EM í Austurríki fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Liðsstyrkur til Kiel:

# Fernandez til THW Kiel

**HANDBOLTI Jerome Fernandez, fyrirliði franska landsliðsins, er á leið til Kiel frá Ciudad Real á Spáni. Fernandez er öflug skytta og mun veita Aroni Pálmarssyni samkeppni um stöðu í liðinu. Hann á að baki meira en 300 landsleiki og er ríkjandi heims-, Evrópu- og ólympíumeistari með Frakklandi.**

**Fernandez mun einnig fylla skarð landa síns, Daniel Narcisse, sem sleit nýverið krossband í hné og getur ekki spilað aftur fyrr en seint á tímabilinu.**

**Fernandez var samningsbundinn Ciudad Real til loka tímabilsins en bað um að verða leystur undir samningi strax. Hann hélt því fram í frönskum fjölmiðlum um helgina að fjárhagsstaða félagsins væri veik. - esá**



**REINA** Markvörðurinn öflugi í leik með Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Pepe Reina, Liverpool:

# Hugsum ekki um titilinn

**FÓTBOLTI** Pepe Reina, markvörður Liverpool, segir að stuðningsmenn félagsins verði að stilla væntingum til liðsins í hóf.

„Við verðum að ganga úr skugga um að enginn sé að hugsa um að vinna meistaratitilinn eða neitt slíkt á þessum tímapunkti,“ sagði Reina við enska fjölmiðla í gær. Roy Hodgson, stjóri Liverpool, fékk takmarkað fjármagn til að kaupa nýja leikmenn í sumar og verður líklegast ekki bætt úr því fyrr en félagið verður selt nýjum eigendum.

„Auðvitað er markmið okkar að vera í baráttu á toppnum en við þurfum að vera raunsæir. Við munum komast að því í lok tímabilsins hverju við höfum áorkað.“ - esá



## > Alyson Hannigan



„Ég er fljót að átta mig á því hvort strákur sé efni í kærasta eða ekki. Ef ég á góða stund með honum án þess að vera að gera nokkuð sérstakt, þá erum við að tala um gott kærastaefni fyrir mig. Til dæmis ef við höfum það skemmtilegt á bensínstöð. Ég hef átt mjög góðar stundir á bensínstöðvum.“

***Alyson Hannigan fer með hlutverk Lily í gamanþáttunum How I Met Your Mother, sem eru á dagskrá Stöð 2 kl. 19.45 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEFUR DANSAÐ YFIR SIG

# *Ein keppni tekur við af annarri*

Svo þú telur að þú getir dansað eða „So you think you can dance“ er þáttur sem hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér síðustu ár. Ólíkt spúsanum hefur mér fundist skemmtilegra eftir því sem lengra líður á þættina en finn til í sálinni með þeim sem gera sig að dansfífli í upphafi keppninnar.

Síðasta mánuðinn hefur dansgleði mín þó tekið dýfu. Mér hafa fundist þættirnir langdregnir og dómararnir óhóflega leiðinlegir. Sér í lagi Adam Shankman sem er aðeins of sléttur í framan fyrir mann á hans aldri. Hin óhóflega væmni dómara og keppenda er nánast næg til að sálga manni og setningar eins og „dansinn er allt sem ég hef“ og „þetta er ævilangur draumur minn“ fá uppkastsviðbragð í viðbragðsstöðu. Sérstaklega



dansinn skárri, þar eru hæfileikarnir þó til í miklu magni.

Þar sem keppendur eru yfirleitt rétt um eða yfir tvítugt og ævilangur draumur því ekkert sérlega langur.

En keppninni er lokið í bili og ég get andað léttar. Mér til hrellingar er hins vegar hafin önnur bandarísk keppni þar sem dómarar eru enn síðri. Mishæfileikaríkir Bandaríkjamenn syngja, tralla, dansa og töfra nú fyrir Íslendinga á laugardagskvöldum í þáttunum America's Got Talent. Dómararnir David Hasselhoff eða „Hoffinn“ og Sharon Osborne eru leiðinlega veik fyrir laglausum ungum stúlkum sem sí og æ eru að trana sér fram í keppninni og hljóta af einhverjum ástæðum allt of oft kosningu fyrir það eitt að þykja sætar og krúttlegar. Af tvennu illu er þá dansinn skárri, þar eru hæfileikarnir þó til í miklu magni.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.00** Mee- Shee: The Water Giant STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.30** Man Utd. - Rangers, bein úts. STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Gossip Girl STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.55** Ljósmæðurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Eureka SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Fólk og firnindi - Á slóð Náttfara** (2:4)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Skyndiréttir Nigellu** (11:13) (Nigella Express) (e)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (2:20)
**18.25 Pálína** (53:56)
**18.30 Jimmy Tvískór** (22:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Að duga eða drepast** (18:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
▶**20.55 Ljósmæðurnar** (8:8) (Barnmorskorna) Sænsk þáttaröð um erilsamt starf ljósmæðra á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Huddinge.
**21.25 Doktor Ása** (8:8) (Dr. Åsa) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rannsókn málsins - Kassinn** (2:2) (Trial and Retribution: The Box) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (Fóstbræður - Miðísland) (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Nornafélagið
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Matarást með Rikku** (7:10)
**11.00 Wipeout USA**
**11.45 Making Over America With Trinny & Susannah** (5:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (11:24)
**13.25 Silent Movie**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Ben 10, Nornafélagið, Strumparnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (15:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (19:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (17:22)
**20.10 The Middle** (6:24) Nýir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle.
**20.30 The New Adventures of Old Christine** (9:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir.
**20.55 Cougar Town** (14:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.
**21.20 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn Neil Caffrey.
**22.05 The Shield** (2:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles.
**22.50 Daily Show: Global Edition**
**23.15 Pretty Little Liars** (2:22)
**00.00 Mercy** (20:22)
**00.45 True Blood** (11:12)
**01.40 Nip/Tuck** (20:22)
**02.25 Cathouse: Come to the Party** Djarfur heimildarþáttur frá HBO.
**02.50 Three Extremes**
**04.50 The Middle** (6:24)
**05.15 Cougar Town** (14:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**15.25 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**16.35 BMW Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**17.30 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.00 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**18.30 Man. Utd. - Rangers** Bein útsending frá leik Man. Utd og Rangers í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**20.40 Meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.20 Bremen - Tottenham** Útsending frá leik Werder Bremen og Tottenham í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**23.10 Barcelona - Panathinaikos** Útsending frá leik Barcelona og Panathinaikos í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**01.00 Meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - Aston Villa / HD** Enska úrvalsdeildin.
**14.10 Newcastle - Blackpool** Enska úrvalsdeildin.
**15.55 Stoke - Aston Villa / HD** Enska úrvalsdeildin.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Football Legends - David Beckham** Ferill Davids Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð.
**19.00 Everton - Man. Utd. / HD** Enska úrvalsdeildin.
**20.45 Birmingham - Liverpool / HD** Enska úrvalsdeildin.
**22.30 Enska mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**23.00 West Ham - Chelsea / HD** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti.
**18.55 Still Standing** (19:20) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (32:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (15:25) (e)
**20.10 According to Jim** (1:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.
**20.35 The Marriage Ref** (1:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna. Grínistinn Jerry Seinfeld er hugmyndasmiðurinn á bak við þættina en kynnir og yfirdómari er grínistinn Tom Papa. Sérfræðingarnir að þessu sinni eru Alec Baldwin úr 30 Rock, sjónvarpskonan Kelly Ripa og sjálfur Jerry Seinfeld.
▶**21.00 Eureka** (18:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims hefur verið safnað saman og allt getur gerst. Það er komið að lokaþættinum.
**21.50 In Plain Sight** (13:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 CSI: New York** (6:23) (e)
**00.10 Sordid Lives** (1:12) (e)
**00.35 Leverage (13:15) (e)**
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Aðilar atvinnulífsins um samninga sem fram undan eru.
**21.00 Græðlingur** Haustuppskera í boði Gurrýar.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi er á öndverðu meiði.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Mastercraft jeppadekk – nú á lægra verði

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á yfir 100 ára reynslu.




Mastercraft TIRES

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55



### Cougar Town

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Middle

### Stöð 2 kl. 20.10

Nýir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle, um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni, sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali – og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Fjölradda sveiflusöngur
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa
**14.03** Að horfa á tónlist: Wagner og listin
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.05** Matur er fyrir öllu
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.35 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Gossip Girl** (2:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 V** (1:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.

**22.35 Torchwood** (11:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

**23.25 Gossip Girl** (2:22)

**00.10 The Doctors**

**00.50 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** After You've Gone **12.35** Vicar of Dibley **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Fawlty Towers **14.35** Lab Rats **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** QI **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Unforgiven **20.15** Jonathan Creek **21.05** Come Dine With Me **21.30** The Jonathan Ross Show **22.15** EastEnders **22.45** Torchwood **23.40** Unforgiven

## DR 1

**12.00** Niklas' mad **12.30** Uventet besøg på Borneo **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Medicinmanden **20.45** Vilde roser **21.30** Teenageliv **22.00** Naruto Uncut **22.25** Boogie Mix **23.15** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Rock til fjells **18.15** Karanba! **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sekten i Jonestown **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den store reisen **21.55** Nasjonalgalleriet **22.25** Norwegian wood **22.55** Takk for sist: Ketil Bjørnstad og Lill Lindfors **23.35** Svisj gull

## SVT 1

**12.30** Pappa Bom **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Val 2010: Duellen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **18.40** Till Maria **18.55** Anslagstavlan **19.00** Biltokig **20.00** The Fog of War **21.45** Blekingegadebandet **22.30** Dr Åsa **23.00** Undersökning av en medborgare höjd över alla misstankar




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Vorrúllurnar á veitingastaðnum Thai Reykjavík á Lækjargötu eru sérstaklega góðar. Yfirleitt fæ ég mér þó einhverja blöndu af nokkrum réttum hjá þeim.“*

Jón Pálmar Sigurðsson, vert á Bakkusi.

# Fágætar eftirprentanir finnast á lager

„Væntanlega kemur þessi mappa með Ásgríms-myndunum frá gamla Helgafellslagernum þegar Ragnar í Smára var upp á sitt besta,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi. Vel á þriðja tug mappa með eftirprentunum af vatnslitamyndum eftir Ásgrím Jónsson fundust nýlega á lager Forlagsins úti á Fiskislóð. Jóhann hyggst bjóða þær til sölu gegn vægu verði, tæplega tuttugu þúsund krónur, á bókamarkaði Forlagsins en frumskógarlögmálið verður látið gilda; fyrstir koma, fyrstir fá.

Jóhann segist ekki hafa hugmynd um hvaðan þessar eftirprentanir komi. Hann bendir hins vegar á að myndirnar séu prentaðar á mjög vandaðan pappír og allt efni í kringum þær sé á ensku. „Við höfum verið að kanna tilurð þessara mappa, af hvaða tilefni ráðist var í gerð þeirra. Við heyrðum af því að svona mappa hefði verið boðin upp hjá Gallerí Fold fyrir 25 þúsund krónur og að hún hefði verið prentuð fyrir heimssýninguna 1967 í Montreal.“

Jóhann segir að hans fólk hafi eytt lunganum úr gærdeginum í að ræða við Ásgríms-sérfræðinga landsins. Hann útilokar ekki að kannski hafi Ragnar í Smára ætlað að koma Ásgrími á framfæri við útlendinga, möppurnar hafi verið drög að hálfgerðri útrás útgefandans fyrir íslenska listamanninn. „Auðvitað ætti maður að geyma þetta sjálfur, þetta gerir jú ekkert annað en að hækka í verði.“ - fgg



**DULARFULLUR FENGUR** Jóhann Páll með dularfullu möppurnar sem væntanlega voru pantaðar af Ragnari í Smára en í þeim eru eftirprentanir af vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** hæð, **8.** námsgrein, **9.** rúm ábreiða, **11.** ónefndur, **12.** raup, **14.** aurasál, **16.** kveðja, **17.** ról, **18.** bókstafur, **20.** bókstafur, **21.** lipurð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** frá, **4.** land í Evrópu, **5.** tál, **7.** sök, **10.** bar, **13.** kvk nafn, **15.** ílát, **16.** er með, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** ás, **8.** fag, **9.** lak, **11.** nn, **12.** skrum, **14.** nánös, **16.** hæ, **17.** ark, **18.** emm, **20.** ká, **21.** fimi.

**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** af, **4.** danmörk, **5.** agn, **7.** saknæmi, **10.** krá, **13.** una, **15.** skál, **16.** hef, **19.** mm.

**VEISTU SVARIÐ?**

Svör við spurningum á síðu 10.

1. Aska og sandur.
2. Bifröst og Háskólinn í Reykjavík.
3. Við Skálholtskirkju.


vísir.is
„...ég sá það á vísi“


EDDA HERMANNSDÓTTIR: SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN

# Tvö ný andlit í Gettu betur

Spyrillinn Edda Hermannsdóttir og stigavörðurinn Marteinn Sindri Jónsson eru ný andlit spurningakeppninnar Gettu betur sem hefur göngu sína í Sjónvarpinu 19. febrúar. Höfundur spurninga verður sá sami og áður, Örn Úlfar Sævarsson.

„Það eru spennandi tímar fram undan. Það fer vissulega svolítill tími í þetta og þetta er ekki alveg orðið raunverulegt enn þá. En mér líst rosalega vel á þennan hóp sem verður með mér,“ segir Edda, sem fetar í fótspor Evu Maríu Jónsdóttur sem hefur spurt nemendur spjörunum úr undanfarin tvö ár.

Edda viðurkennir að hún kvíði því lítillega að koma í fyrsta sinn fram í sjónvarpi. „Það er passlega mikið stress, eins og það á að vera. En ég er búin að fara á nokkrar æfingar og ætti nú að vera vel undirbúin.“ Sjónvarpsmennska ætti henni líka að vera í blóð borin því hún er dóttir hins eina og sanna Hemma Gunn.

Edda er Akureyringur og var formaður nemendafélagsins í Menntaskólanum á Akureyri. Hún segist alltaf hafa fylgst vel með Gettu betur.

„Ég var mjög mikið í tengslum við Gettu betur í gegnum félagslífið. Það er ekkert svo langt síðan það var,“ segir hin 23 ára Edda og hlær. „Ég hef alltaf haft mjög gaman af þessum þætti og það er frábært að fá að taka þátt í þessu.“ Hún stundar nám í hagfræði við Háskóla Íslands og það var í gegnum námið sem henni bauðst spyrilsstaðan. „Ég tók einn áfanga í tengslum við RÚV í vor. Eftir hann hafði Sigrún Stefánsdóttir [dagskrárstjóri Sjónvarpsins] samband við mig og bauð mér að koma í prufur,“ segir Edda, sem er einnig í stúdentaráði Háskólans.

Þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára er hún gift og á von á sínu öðru barni í desember. Hún óttast ekki að barnið muni hafa áhrif á spyrilsstarfið. „Ég er viss um að þetta verður skemmtileg blanda. Ég verð bara að mjólka heima og æfa mig á spurningunum,“ segir hún hress.



**NÝIR LIÐSMENN** Dómarinn Örn Úlfar Sævarsson (lengst til vinstri) ásamt nýju liðsmönnunum Eddu Hermannsdóttur og Marteini Sindra Jónssyni.

Marteinn Sindri Jónsson er 21 árs Reykvíkingur sem hefur starfað talsvert á Rás 1 og stjórnaði þættinum Mánafjöll síðasta vetur. „Það er fyrst og fremst heiður að fá þetta tækifæri. Ég er bjartsýnn á að þetta verði skemmtileg og góð reynsla sem muni nýtast í önnur verkefni lífsins,“ segir Marteinn Sindri, sem les heimspeki við Háskóla Íslands. Hann fyllir skarð hins skelegga Ásgeirs Erlendssonar sem stigavörður í Gettu betur.

Marteinn á sér óvenjulega fortíð því hann starfaði sem fyrirsæta erlendis eftir stúdentspróf frá MH og sýndi fyrir hina frægu hönnuði Marc Jacobs og Hugo Boss. „Ég fór út í smá tíma en svo ákvað ég að það byðust stærri verkefni hérna heima. Minn metnaður lá annars staðar,“ segir Marteinn, sem er sagður hafa verið í miklu uppáhaldi hjá Jacobs. „Þetta var gífurleg reynsla sem víkkaði út sjóndeildarhringinn,“ segir hann um fyrirsætuferilinn.

Dagskrárstjórinn Sigrún Stefánsdóttir er hæstánægð með nýju starfsmennina. „Ég hef mikla trú á þeim. Það er gaman að fá ný andlit á skjáinn og leyfa þeim að spreyta sig.“ freyr@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Fyrirtaka í meiðyrðamáli **Pálma Haraldssonar** gegn Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur, Svavari Halldórssyni og Páli Magnússyni, starfsmönnum RÚV, verður í Héraðsdómi Reykjaness á föstudaginn. Forvitnilegt verður að sjá hversu langt þetta meiðyrðamál nær en síðast þegar útrásarvíkingar fóru í mál við fjölmiðil endaði það með uppsögn fréttastjóra Stöðvar 2, Óskars Hrafns Þorvaldssonar.



Bíó Paradís: Heimili kvikmyndanna verður opnað á morgun. Og það verður kvikmyndin Backyard sem mun vígja kvikmyndahúsið en það er heimildarmynd Árna Sveinssonar um ákveðna tónlistarsenu hér á landi. Aðstandendur hússins réðust í mjög metnaðarfulla myndbandsherferð en þar má sjá bregða fyrir þekktu fólki úr íslensku þjóðlífi dásama gamlar perlur kvikmyndanna, eins og E.T, Shining og annað í þeim dúr. Meðal þeirra sem sjá má bregða fyrir eru **Harpa Arnardóttir**, Víkingur Kristjánsson, Ari Eldjárn og Ragnar Bragason. Þess má geta að Egill Helgason fagnaði komu kvikmyndahússins á bloggsíðu sinni; hann sagðist vera með dellu fyrir ítalska nýraunsæinu þessa dagana.



Búist er við því að nýtt vikublað, Fréttatíminn, líti dagsins ljós um mánaðamótin. Í forsvari þar eru Jón Kaldal, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, áðurnefndur Óskar Hrafn, Jónas Haraldsson, fyrrverandi aðstoðarritstjóri DV, og synir hans Teitur og Haraldur. Ritstjórn blaðsins mun óðum vera að taka á sig mynd og hefur **Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir**, sem hætti í fússi á Morgunblaðinu fyrr á árinu, ráðið sig þar til starfa. - fgg, hdm




ÚTSALA
Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður
· Mikil orka 16,5 kw/h
· Ryðfrítt lok og takkaborð
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Sterkleg viðargrind
· Neistakveikja í rofa
· Skúffa fyrir fitu
· Hitamælir
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð:136 x 106 x 62cm


39.900
FULLT VERÐ 69.900
FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON - ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400


# Uppvakningur gleymdist

„Við réðumst í miklar endurbætur fyrir hálfu ári og þá kom sér vel að það varð eitthvert smáræði eftir sem við gátum nýtt okkur,“ segir Benedikt Guðmundsson hjá Draugasetrinu á Stokkseyri. Uppvakningur og annað dót sem notað var við tökur á kvikmyndinni Sumarlandið fyrr á þessu ári gleymdist þegar tökuliðið tók upp nokkrar senur á Setrinu. Starfsfólk Draugasetursins var ekki lengi að kveikja á perunni og ákvað að nýta sér einn uppvakninginn. „Þeir litu nefnilega alveg svakalega vel út,“ segir Benedikt.

Sumarlandið verður frumsýnt í þessari viku en hún segir frá fjölskyldu sem ákveður að hella sér út í handanheimsfræði í veikri gróðravon. Hlutirnir fara þó ekki alveg eins og lagt var upp með. Þau Kjartan Guðjónsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir leika aðalhlutverkin í myndinni en leikstjóri er Grímur Hákonarson.







Benedikt segir tökurnar á Draugasetrinu hafa gengið vonum framar. „Og það þýðir bara eitt: draugarnir hafa verið ánægðir með það sem þeir sáu,“ segir Benedikt og bætir því við að þeir geti nú boðið upp á extra mikinn draugagang á Setrinu. „Já, við höfum náð miklu betri tökum á þessu núna.“ - fgg

**FÉKK UPPVAKNING ÚR BÍÓMYND** Benedikt Guðmundsson hjá Draugasetrinu fékk uppvakning sem hafði gleymst þar eftir tökur hjá Grími Hákonarsyni á Sumarlandinu. Draugurinn á myndinni tengist efni fréttarinnar ekki beint.

# LÆRUM AÐ REIKNA, SKRIFA OG KLÆÐA OKKUR VEL.

**MAGNI** - Hettupeysa

POLARTEC®
Thermal Pro®




**Stærðir:** 92 – 164 **Litir:** hvít, rauð og fjólublá **Verð: 10.800 kr.**

Skoðaðu **Magna** og allt úrvalið af skólafatnaði í verslunum okkar.

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11
**Akureyri:** Glerártorg
**Keflavík:** Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ólöf lofuð í Mojo

Tónlistarkonan **Ólöf Arnalds** fær góða umfjöllun í nýjasta tölublaði breska tónlistartímaritsins Mojo. Fyrst er birt grein þar sem Ólöfu er lýst sem upprennandi stjörnu á tónlistarsviðinu og í aftari hluta blaðsins birtist síðan gagnrýni um hennar nýjustu plötu, Innundir skinni, sem er nýkomin út. Þar fær hún fjórar stjörnur af fimm mögulegum og minnist gagnrýnandinn sérstaklega á grípandi lagasmíðarnar.



### Tókst vel (á Íslandi)

**Katrín Júlíusdóttir** hefur orð á því á Facebook að vera nýbúin að funda um markaðsátakið Inspired by Iceland og hvað af því mætti læra. **Árni Snævarr,** fyrrverandi fréttamaður og upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum, gerði í gær athugasemd við færsluna og kvað átakið hafa heppnast mjög vel á Íslandi. „Sást hins vegar ekkert til þessa átaks á meginlandi Evrópu… nema á Facebook!" skrifaði hann. Ekki tóku þó allir undir það á síðu ráðherrans. Þannig kvaðst ein hafa séð vinkonu sína á auglýsingum átaksins á strætóstoppistöðvum í Kaupmannahöfn. Bætir svo við að verst væri hvað hafi verið napurt hérlendis, flestir hafi farið til heitu landanna. - fb, óká



## Mest lesið vísir.is

1. Málið snýst ekkert um kynþáttafordóma
2. Í haldi grunaður um að ofsækja kúbverska fjölskyldu
3. Handrukkari og meintur kynþáttahatari úrskurðaður í…
4. Greiddu 100 þúsund í fundarlaun fyrir köttinn Mjása
5. Kona og karlmaður skipta um kyn – myndband





